



„Ég var tilbúin að fórna öllu fyrir hana, samt var hún ekki mín“

Hlutverk og reynsla stjúpmæðra og birtingarmyndir á
íslenskum vefmiðlum

Guðfinna Ágústsdóttir
Þórunn Jakobsdóttir

Lokaverkefni til BA-prófs
Uppeldis- og menntunarfræðideild



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

„Ég var tilbúin að fórna öllu fyrir hana, samt var hún ekki mín“

Hlutverk og reynsla stjúpmæðra og birtingarmyndir á íslenskum vefmiðlum

Guðfinna Ágústsdóttir

Þórunn Jakobsdóttir

Lokaverkefni til BA-prófs í uppeldis- og menntunarfræði

Leiðbeinendur: Brynja Elísabeth Halldórsdóttir og Eva Harðardóttir

Uppeldis- og menntunarfræði
Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2017

„Ég var tilbúin að fórna öllu fyrir hana, samt var hún ekki mín“: Hlutverk og reynsla stjúpmæðra og birtingarmyndir á íslenskum vefmiðlum

Ritgerð þessi er 14 eininga lokaverkefni til BA-prófs
í uppeldis- og menntunarfræði
Menntavísindasviði Háskóla Íslands

© Guðfinna Ágústsdóttir og Þórunn Jakobsdóttir 2017
Óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi höfundar.

Háskóli Íslands, 2017

Ágrip

Þessi ritgerð er lokaverkefni höfundar til BA prófs í uppeldis- og menntunarfræði við Háskóla Íslands. Tilgangur ritgerðarinnar er að varpa ljósi á upplifun og reynslu stjúpmæðra sem sendu reynslusögur sínar inn á vefmiðlana Bleikt.is og Hún.is. Stjúpmóðurhlutverkið hefur verið talið eitt erfiðasta hlutverk sem konur taka sér fyrir hendur. Rannsóknir sýna að stjúpmæður upplifa fordóma og þrýsting um að standa sig fullkomlega, jafnt frá samfélaginu og þeim sjálfum. Því voru reynslusögur stjúpmæðranna á vefmiðlunum greindar með tilliti til þess sem fyrrnefndar rannsóknir hafa sýnt fram á. Auk þess var skoðað hvaða leiðir hafa reynst stjúpmæðrum vel til þess að mynda gott samband við stjúpbörn sín. Niðurstöðurnar eru þær að stjúpmæðurnar hafa ólíka reynslu af hlutverki sínu. Samskipti við maka, stjúpbörn og kynmæður barnanna geta verið strembin og þrýstingur á stjúpmæður um að standa sig er mikill. Þó getur stjúpmóðurhlutverkið verið ánægjulegt og gefandi, sérstaklega ef allir aðilar einbeita sér að góðum samskiptum og velferð barnanna.

Efnisyfirlit

Ágrip	3
Töfluskrá	6
Formáli.....	7
1 Inngangur	8
2 Fræðileg umfjöllun	10
2.1 Skilnaður	10
2.1.1 Áhrif skilnaða á börn.....	10
2.1.2 Áhrif skilnaða á fullorðna.....	11
2.2 Forsjá barna, umgengni og búseta	12
2.2.1 Þróun á forsjármálum.....	12
2.2.2 Sameiginleg forsjá	12
2.3 Búseta og umgengni eftir skilnað	13
2.3.1 Lögheimili	13
2.3.2 Umgengni	14
2.3.3 Jöfn búseta	14
2.3.4 Skipt búseta	15
2.3.5 Seigla eftir skilnað.....	15
2.3.6 Foreldrasamvinna	16
2.4 Viðhorf og vondar stjúpur	17
2.4.1 Samfélagslegt álit á stjúpfjölskyldum	18
2.4.2 „Vonda stjúpan“	20
2.5 Myndun stjúpfjölskyldna og jákvæð samskipti.....	21
2.5.1 Fullorðnir	21
2.5.2 Börn	22
2.5.3 Þrír flokkar tengslamyndunar	23
2.5.4 Jákvæð tengslamyndun	25
2.5.5 Stjúpmæður.....	26
2.5.6 Jákvæðir eiginleikar stjúpmæðra.....	27
2.5.7 Áskoranir stjúpmæðra	28
2.6 Fjölmiðlar og orðræðustjórnun	29
3 Framkvæmd rannsóknar	31
3.1 Orðræðugreining	31

3.2	Um miðlana	32
3.3	Um stjúpmæðurnar	32
3.4	Aðferðafræði rannsóknar	34
3.5	Greining gagna.....	35
4	Niðurstöður	36
4.1	„Ég trúir því að þetta sé allt spurning um þolinmæði“	36
4.1.1	Væntingar	36
4.1.2	„Þá byrjaði ballið“	38
4.1.3	Velgengni.....	41
4.2	„Þú ert ekki þriðja hjólið“	42
4.2.1	Samskipti við stjúpbarn	42
4.2.2	Samskipti við maka	44
4.2.3	Samskipti við kynmóður	46
5	Umræður.....	48
5.1	Sektarkennd og valdabarátta	48
5.2	Sambönd stjúpmæðra við stjúpbörn	50
5.3	Samskipti maka og búseta stjúpbarna	51
5.4	Væntingar og ósk um aðstoð	53
5.5	Reynsla af móðurhlutverkinu	54
5.6	Lykillinn að vellíðan	55
6	Lokaorð	57
	Heimildaskrá	58

Töfluskra

Tafla 1. Stjúpmæðurnar sem skrifuðu pistla á Bleikt.is og Hún.is.	33
Tafla 2. Yfir- og undirþemu kaflans.	36

Formáli

Það er óhætt að fullyrða að flestir íbúar Vesturlanda hafi einhvers konar tengsl við einstaklinga í stjúp fjölskyldum, eða séu jafnvel sjálfir hluti af slíkri fjölskyldu. Þrátt fyrir þetta hafa stjúp fjölskyldur og stjúp tengsl hlotið fremur litla athygli í íslensku fræðasamfélagi. Fjölskyldur og þau flóknu tengsl sem geta myndast í kjölfar barneigna, skilnaða og sambúðarslita hafa lengi vakið áhuga okkar og sérstaklega hafa stjúp tengsl hrifið okkur. Því ákváðum við að skoða upplifun stjúp mæðra á hlutverki sínu.

Við viljum þakka fjölskyldu og vinum kærlega fyrir stuðning og hvatningu í þessu ferli. Sérstakar þakkir fá Björn Ástmarsson, Kjartan Guðmundsson og Jóhanna Hreinsdóttir fyrir yfirlestur og góðar ábendingar. Einnig fá kærastarnir okkar, Björn Ástmarsson og Gunnar Björn Ólafsson, fyrir stuðning, knús, pepp, ást og takmarkalaus þolinmæði. Þá fær stjúp mamma Þórunnar, Valgerður Janusdóttir, ástarþakkir fyrir innblástur og fyrir að sanna það að stjúp mæður geta verið dásamlegar. Að lokum þökkum við hvorri annarri fyrir að standa saman, tala, hlusta og komast alla leið.

Þetta lokaverkefni er samið af okkur undirrituðum. Við höfum kynnt okkur *Síðareglur Háskóla Íslands* (2003, 7. nóvember, <http://www.hi.is/is/skolinn/sidareglur>) og fylgt þeim samkvæmt bestu vitund. Við vísum til alls efnis sem við höfum sótt til annarra eða fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Við þökkum öllum sem lagt hafa okkur lið með einum eða öðrum hætti en berum sjálf(ar/ir) ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Þetta staðfestum við með undirskrift okkar.

Reykjavík, _____._____ 20__

1 Inngangur

Fjölskyldur á Íslandi hafa tekið miklum breytingum á síðustu áratugum. Á árunum eftir síðari heimsstyrjöld fram til upphafs 9. áratugar síðustu aldar fjölgaði hjónaskilnuðum hratt. Skilnaðartíðni hefur verið nokkuð stöðug frá þeim tíma, eða að meðaltali tæplega tveir skilnaðir á hverja 1000 íbúa (Hagstofa Íslands, e.d.-d). Árið 2011 gengu 489 einstaklingar, sem höfðu verið giftir áður, í hjónaband (Hagstofa Íslands, e.d.-b). Líklegt verður að teljast að stórt hlutfall þessara 489 einstaklinga hafi átt barn eða börn úr fyrra hjónabandi. Sé það tilfellið verða stjúpfjölskyldur til. Ganong og Coleman (2017, location 586) skilgreina stjúpfjölskyldur sem fjölskyldur þar sem að minnsta kosti annar aðilinn sem til þeirra stofna á barn eða börn úr fyrra sambandi. Valgerður Halldórsdóttir (2012, bls. 12) tekur undir skilgreiningu Ganong og Coleman, en hún segir: „Stjúpfjölskylda er fjölskylda þar sem annar eða báðir aðilar sem til hennar stofna eiga barn eða börn með öðrum aðila/um“. Stundum fæðast börn utan sambúðar eða hjónabands. Því telja höfundar ritgerðarinnar að skilgreining Valgerðar eigi betur við, þar sem ekki er gert ráð fyrir að kynforeldrar barnsins hafi átt í ástarsambandi.

Stjúpfjölskyldur hafa fundist í samfélögum manna alla tíð (Ganong og Coleman, 2017, location 549; Pryor, 2014, bls. 1; Valgerður Halldórsdóttir, 2012, bls. 26). Áður fyrr, fram á miðja 19. öld, var algengara á Vesturlöndum að þær yrðu til þegar fólk giftist aftur eftir andlát maka. Eftir því sem lífslíkur fólks jukust og dánartíðni minnkaði, lækkaði hlutfall fólks sem missti maka sinn ungt en í kjölfarið fjölgaði skilnuðum. Frá 8. áratug síðustu aldar hafa stjúpfjölskyldur í vestrænum ríkjum sem myndast í kjölfarið á skilnaði verið fleiri en þær sem myndast eftir andlát maka (Ganong og Coleman, 2017, location 885; Pryor, 2014, bls. 3).

Myndun stjupsambanda þykir eitt erfiðasta verkefni sem fólk tekur sér fyrir hendur. Væntingar eru oft miklar. Árekstrar milli fjölskyldumeðlima geta þó haft neikvæð áhrif á stjúpfjölskyldumyndunina, með tilheyrandi ergelsi og sárindum (Ganong, Coleman og Jamison, 2011; Golish, 2003; Schrodt og Braithwaite, 2011). Staða stjúpmæðra hefur sýnt sig að vera einna erfiðust enda þurfa þær að standa undir þeim þrýstingi sem samfélagið setur á þær að standa sig fullkomlega í hlutverki sínu, á sama tíma og þær takast á við þær erfiðu aðstæður sem stjúpfjölskyldur verða til í (Hart, 2009; Weaver og Coleman, 2005). Í ljósi þess sem greint er frá hér að ofan fannst höfundum þessarar ritgerðar áhugavert að skoða upplifun stjúpmæðra, sem sendu reynslusögur sínar inn á tvo íslenska vefmiðla, af hlutverki sínu. Vefmiðlarnir eru Bleikt.is og Hún.is. Markmið ritgerðarinnar er að svara eftirfarandi rannsóknarspurningum: Hver er upplifun og reynsla stjúpmæðra, sem skrifað

hafa pistla á vefmiðlunum Bleikt.is og Hún.is, af stjúpmóðurhlutverkinu? Hvaða leiðir hafa reynst stjúpmæðrum vel við að mynda góð tengsl við stjúpbörn sín?

Í öðrum kafla ritgerðarinnar, sem kemur í kjölfarið á þessum inngangi, verður fræðileg umfjöllun um skilnaði, forsjá barna, búsetu og umgengni við börn eftir skilnað. Einnig verður fjallað um rannsóknir á stjúpfjölskyldum, samfélagslegt álit á þeim, samskipti stjúpfjölskyldumeðlima og þær leiðir sem reynst hafa vel við myndun stjúpfjölskyldna. Í lok kaflans verður fjallað um orðræðu og þann þátt sem fjölmiðlar geta átt í að stjórna orðræðu. Þriðji kaflinn fjallar um framkvæmd rannsóknarinnar. Þar verður sagt frá orðræðugreiningu, en hún var höfð til hliðsjónar við greiningu pistlanna. Þá verða vefmiðlarnir, sem greinarnar birtust á, skoðaðir og fjallað um þær stjúpmæður sem sendu pistlana inn. Því næst verður fjallað um aðferðafræði rannsóknarinnar og loks greiningu gagna. Í fjórða kafla verður sagt frá niðurstöðum greiningarinnar, en þær voru flokkaðar í tvö yfirþemu og sex undirþemu. Í fimmta kafla verða niðurstöðurnar fléttaðar saman við þann fræðilega bakgrunn sem fjallað var um í öðrum kafla og dregnar ályktanir út frá því sem þar kemur fram. Í lokaorðunum verða umræðurnar nýttar til að svara rannsóknarspurningunum.

2 Fræðileg umfjöllun

Í þessum kafla verður fjallað um fræðilegan bakgrunn á skilnuðum, forsjár- og búsetumálum og stjúpfjölskyldumyndun. Sagt verður frá þeim margvíslegu áhrifum sem skilnaður getur haft á fjölskyldumeðlimi, börn jafnt sem fullorðna. Fjallað verður um hvernig foreldrar geta best stuðlað að seiglu barna sinna við skilnað og stjúpfjölskyldumyndun. Að lokum verður farið í þá þætti sem skipta mestu máli við myndun farsælla stjúpfjölskyldna, með sérstakri áherslu á hlutverk stjúpmæðra.

2.1 Skilnaður

Skilnuðum hefur fjölgað á Vesturlöndum á síðustu áratugum og síðustu ár hefur um þriðjungur hjónabanda endað með skilnaði (Sigrún Júlíusdóttir og Sólveig Sigurðardóttir, 2010). Talið er að um og yfir 25% íslenskra barna upplifi skilnað eða sambúðarslit foreldra sinna (Sigrún Júlíusdóttir, Jóhanna Rósa Arnardóttir og Guðlaug Magnúsdóttir, 2008, bls. 9). Í þessum kafla verður fjallað um áhrif skilnaða á börn og fullorðna.

2.1.1 Áhrif skilnaða á börn

Við skilnað foreldra breytist ýmislegt í daglegu lífi barna þeirra. Fólk slítur sambúð við skilnað og flytur stundum búferlum. Við þær aðstæður þurfa börn oft að skipta um skóla eða leikskóla. Því fylgja að sjálfsögðu breytingar á borð við nýja bekkjarsfélag, nýja kennara og nýja staði þar sem þau iðka tómstundir. Slíkt felur óhjákvæmilega í sér ákveðið rót á lífi þeirra, auk þess sem dagleg umgengni við báða foreldra er yfirleitt úr sögunni (Amato, 2010, Sigrún Júlíusdóttir o.fl., 2008, bls. 63-66).

Áhrif skilnaða og sambúðarslita á börn hafa verið talsvert rannsökuð og hafa þær rannsóknir oft bent til þess að börn sem upplifa skilnað foreldra sinna standi á ýmsan hátt verr að vígi en önnur. Margar þeirra sýna fram á að þeim gengur verr í skóla (Pong, Dronkers og Hampden-Thompson, 2003; Shafer, Jensen og Holmes, 2017; Teachman, Paasch og Carver, 1996) og þau kljást frekar við þunglyndi og önnur geðheilsuvandamál (Barret og Turner, 2005; Breivik og Olweus, 2006; Sandler, Tein og West, 1994; Shafer o.fl., 2017; Sigrún Júlíusdóttir o.fl., 2008, bls. 65). Sigrún Júlíusdóttir o.fl. (2008, bls 8-10) sýna fram á að börn upplifðu sig valdalaus, hrædd og ein þegar kom að skilnaði foreldra þeirra. Þau voru illa undirbúin og fannst skilnaðurinn ekki hafa verið ræddur við þau. Þau fengu ekki upplýsingar um það sem tæki við eftir skilnaðinn og óttuðust að þurfa að flytja og skipta um skóla. Þrátt fyrir þessar neikvæðu tilfinningar fundu þau líka til ástar og samhygðar með foreldrunum. Hetherington og Elmore (2003, bls. 190) benda einnig á að aldur barna við skilnað hefur áhrif á hversu vel þeim gengur að takast á við hann og virðist sem það sé erfiðast snemma á unglingsárunum.

Hafa ber í huga að skilnaðir og sambúðarslit eiga oft aðdraganda. Vandamál í samböndum geta verið til staðar í lengri tíma áður en aðilar taka þá ákvörðun að slíta samvistum. Ósætti pars getur birst í rífrildi og þrætum og ljóst er að í sumum samböndum fyrirfinnst ofbeldi. Spenna á heimilum er algeng við þessar aðstæður og oft skynja börnin að eitthvað sé í loftinu. Það getur valdið þeim kvíða (Sigrún Júlíusdóttir o.fl., 2008, bls. 60). Af þessum sökum hefur því verið haldið fram að það sé ekki einungis skilnaðurinn sjálfur sem skýrir síðri velferð skilnaðarbarna, heldur einnig það ástand sem þau bjuggu við fyrir skilnaðinn (Acs, 2007; Amato, 2014; Ginther og Pollak, 2004; Sun, 2001). Sun og Li (2002) sýndu fram á það með langtímarannsókn að börn sem stóðu illa í fyrrnefndum þáttum og höfðu upplifað skilnað foreldra sinna, höfðu einnig staðið illa þremur árum áður en skilnaðurinn átti sér stað. Þessar niðurstöður benda til þess að gæði hjónabands foreldra vegi þyngra í velferð barna heldur en sjálfur skilnaðurinn.

2.1.2 Áhrif skilnaða á fullorðna

Skilnaður hefur vitaskuld ekki eingöngu áhrif á börn heldur gengur parið sem er að skilja í gegnum streituvaldandi tímabil, jafnt á líkan hátt og börn sem ólíkan. Sá maki sem sóttist eftir skilnaðinum getur upplifað sektarkennd og kvíða. Þeim aðila sem ekki óskar eftir skilnaði getur fundist hann svikinn af maka sínum og upplifað sárindi, reiði og jafnvel sjálfsásakanir. Sorg og höfnunartilfinningar eru algengar hjá fólki í og eftir skilnað. Tilfinningalegt umrót er oft mikið og á sama tíma þarf fólk gjarnan að takast á við hluti eins og flutninga og ákvörðun um forsjá og búsetu barna (Amato, 2010; Benedikt Jóhannsson, 2004, bls. 25-27). Einnig benda rannsóknir til þess að fullorðnir sem hafa gengið í gegnum skilnað sýni frekar merki um þunglyndi síðar á lífsleiðinni en aðrir (Amato, 2010). Amato (2000) bendir þó á að hafi átök í hjónabandi verið mikil þá batnar líðan og hagur fjölskyldumeðlima, bæði barna og fullorðinna, við skilnað. Þó rýrnar oft fjárhagur foreldra og standa einhleypar mæður hvað verst fjárhagslega (Lorenz, Wickrama, Conger og Elder, 2006; Sigrún Júlíusdóttir o.fl., 2008, bls. 12). Þessi atriði geta líka haft neikvæð áhrif á börn þeirra sem geta sýnt sig, eins og fyrr var vikið að, í minni velgengni í skóla og lakari geðheilsu (Amato, 2010; Carlson og Corcoran, 2001; King og Sobolewski, 2006; Sigrún Júlíusdóttir o.fl. 2008, bls. 11-13).

Þó að skilnaður geti verið börnum og foreldrum erfiður þá benda rannsóknir til þess að betra sé að upplifa skilnað heldur en að búa á heimili þar sem rífrildi hjóna eru tíð (Amato, 2000; Amato, 2014; Hetherington og Stanley-Hagan, 1999). Gamla hugmyndir um að fólk eigi að halda hjónabandi áfram vegna barnanna hafa því verið afsannaðar. Þó er ljóst að í heildina sýna margir sem upplifa skilnað merki um minni velferð, hvort sem ástæðan er skilnaðurinn, óhamingja foreldranna í hjónabandi eða rót og breytingar á

högum eftir skilnað (Amato 2000; Amato, 2014; Hetherington og Elmore, 2003, bls. 205; Hetherington og Stanley-Hagan, 1999).

2.2 Forsjá barna, umgengni og búseta

Síðust ár hafa orðið nokkrar breytingar á forsjármálum, búsetu barna og umgengni foreldra við þau eftir skilnað. Fram til ársins 1992 fóru mæður með forsjá í 90% tilvika en með lögum sem sett voru það ár breyttist það (Sigrún Júlíusdóttir og Jóhanna Rósa Arnarsdóttir, 2008). Um þessa þróun verður fjallað í þessum kafla ásamt því að sagt verður frá sameiginlegri forsjá.

2.2.1 Þróun á forsjármálum

Við skilnað og sambúðarslit þurfa þörin sem eiga börn að taka ákvörðun um forsjá, lögheimili og umgengni við börnin. Forsjá barns felur í sér „rétt og skyldu fyrir foreldri til að ráða persónulegum högum barnsins og ákveða búsetustað þess. Forsjárforeldri fer enn fremur með lögformlegt fyrirsvar barns til dæmis í dómsmáli“ (Sýslumenn, 2013). Talsverð breyting hefur orðið á forsjármálum síðustu ár og áratugi. Árið 1992 var samþykkt í Barnalögum (nr. 20/1992) að foreldrar gætu samið um sameiginlega forsjá við skilnað. Áður en þessar breytingar komu til sögunnar fór einungis annað foreldri með forsjá barna og voru það í yfir 90% tilvika mæður (Hagstofa Íslands, 2009).

Í lögnum sem samþykkt voru árið 1992 komu fram tvær meginforsendur fyrir því að sameiginleg forsjá yrði valin. Þær forsendur voru að foreldrar urðu að vera sammála um að forsjá yrði sameiginleg og teldu sig geta haft samvinnu sem foreldrar í fyrirrúmi og eins að foreldrar kæmu sér saman um lögheimili barnanna, en lögheimili er einungis leyfilegt hjá öðru foreldrinu (Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2000, bls. 24; Sýslumenn, 2013). Þessar breytingar á lögum hafa verið settar í samhengi við aukið kynjajafnrétti í samfélaginu, meiri þátttöku kvenna á vinnumarkaði og auknum áhuga og þátttöku feðra í lífi barna sinna (Sigrún Júlíusdóttir og Sólveig Sigurðardóttir, 2013, bls. 37).

2.2.2 Sameiginleg forsjá

Eins og áður sagði fóru rúmlega 90% mæðra með forsjá barna áður en lögin um sameiginlega forsjá voru sett. Árið 2006 varð sameiginleg forsjá svo að meginreglu, en það þýðir að forsjá er sameiginleg milli foreldra við skilnað nema annað sé ákveðið (lög nr. 69/2006). Það ár var hlutfall foreldra sem fór sameiginlega með forsjá eftir skilnað og sambúðarslit komið upp í tæp 80% (Hagstofa Íslands, e.d.-a; Hagstofa Íslands, e.d.-c). Nýjustu tölur um forsjá eru frá árinu 2011 og sýna þær fram á að það ár fóru foreldrar í

sameiningu með forsjá eftir skilnað og sambúðarslit í um 90% tilfella (Hagstofa Íslands, e.d.-a; Hagstofa Íslands, e.d.-c). Því er ljóst að á þeim 25 árum sem liðin eru síðan lögin um sameiginlega forsjá voru sett hefur sameiginleg forsjá orðið ríkjandi. Rannsókn Sigrúnar Júlíusdóttir og Nönnu K. Sigurðardóttur (2000, bls. 48-50) sýndi fram á það að meirihluti foreldra hafði jákvæða reynslu af sameiginlegri forsjá og þótti hún bæta samstarf og jafna ábyrgð þeirra. Athygli vekur að feður voru ánægðari með fyrirkomulagið en mæður og virðist þeim líka vel við að hafa meira um hagi barna sinna að segja en þegar forsjá var einungis í höndum móður. Þrátt fyrir þetta sýndu Sigrún Júlíusdóttir o.fl. (2008, bls. 49) fram á að börn misstu oft nánd og tengsl við feður sína við skilnað foreldra. Sameiginleg forsjá virðist því ekki tryggja að samband barna við feður sé meira eða betra.

Mikilvægt er að hafa í huga að sameiginleg forsjá þýðir ekki það sama og jöfn umgengni. Forsjá getur verið sameiginleg milli foreldra þótt barnið sé meira á öðru heimilinu en hinu og felur einungis í sér rétt og skyldur gagnvart persónulegum högum barnsins. Séu foreldrar ósammála við skilnað um hvort forsjá verði sameiginleg eður ei geta foreldrar farið í dómsmál þar sem úrskurðað er um forsjána (Sýslumenn, 2013). Fyrirnefnd rannsókn Sigrúnar Júlíusdóttur og Nönnu K. Sigurðardóttur (2000) sýndi fram á að umgengni barna við móður og föður var ekki jöfn þó að foreldrar deildu forsjá þeirra, en nánar verður farið yfir búsetu barna í næsta kafla. Þó má geta þess að samvistir foreldra við börn eru talsvert jafnari þegar forsjá er sameiginleg (Sigrún Júlíusdóttir o.fl., 2008, bls. 17).

2.3 Búseta og umgengni eftir skilnað

Í kjölfar fyrirnefndra breytinga á forsjármálum og með innleiðingu sameiginlegrar forsjár þurfa foreldrar sem deila forsjá að taka ýmsar ákvarðanir varðandi börn sín. Til að mynda þurfa þeir að ákveða hvar barnið eigi lögheimili og hvernig umgengni við barnið er háttað. Það foreldri sem barnið hefur ekki lögheimili hjá kallast umgengnisforeldri (Sýslumenn, e.d.). Þessi kaflar fjallar um lögheimili, umgengni og búsetumál barna.

2.3.1 Lögheimili

Foreldrar sem deila forsjá þurfa að ákveða hvar lögheimili barna þeirra er, en barn telst eiga fasta búsetu þar sem það á lögheimili (Sýslumenn, 2013) og er það í 85% tilfella hjá móður (Sigrún Júlíusdóttir o.fl., 2008, bls. 20). Stundum eru foreldrar ekki sammála um hvar barn eigi að hafa lögheimili og getur það valdið deilum. Ef ágreiningur kemur upp hjá forsjáforeldrum um ákvarðanir er varða barnið, til að mynda hvar það á að ganga í skóla, hefur lögheimilisforeldrið heimild til að taka þær ákvarðanir ef samráð forsjáforeldra skilar ekki árangri. Lögheimilisforeldri fær einnig barnabætur með barninu greiddar auk

Þess sem lögheimili barns getur haft áhrif á þætti á borð við húsaleigubætur, námslán og fleira slíkt. Af þeim sökum er mikilvægt að foreldrar sem deila forsjá ákveði hvar lögheimili barns er og fái það staðfest hjá sýslumanni (Sýslumenn, 2013).

2.3.2 Umgengni

Engar reglur eru til um hversu mikil umgengni barna við það foreldri sem það býr ekki hjá skal vera og er foreldrum frjálst að ákveða það sín á milli. Rannsókn Sigrúnar Júlíusdóttur og Jóhönnu Rósu Arnardóttur (2008) sýnir fram á að algengasta umgengnisformið er að barnið dvelji hjá umgengnisforeldri aðra hvora helgi. Tölur um tilhögun búsetu barna eru ekki skráðar hjá Hagstofu Íslands, en tiltölulega nýlegar rannsóknir benda til þess að enn sé algengast börn hafi fasta búsetu hjá móður eftir skilnað (Benedikt Jóhannsson, 2007; Benedikt Jóhannsson, 2012; Þóroddur Bjarnason og Ársæll M. Arnarsson, 2011). Ef foreldrar ná ekki sáttum um hvernig umgengni er háttað er hægt að fá dómsúrskurð þess efnis (Sýslumenn, e.d.). Á vef Sýslumanna segir að umgengni sé „ætlað að tryggja að barn fái að umgangast og halda sambandi við það foreldri . . . Það er einnig réttur þess foreldris að fá að umgangast barn sitt og á því hvílir skylda að sinna umgengni við barnið“ (Sýslumenn, e.d.). Þetta felur í sér að það foreldri sem barn býr ekki hjá hefur bæði rétt og skyldu til að umgangast barn sitt. Foreldrum ber að hafa hagsmuni barnsins í fyrirrúmi þegar þeir ákvarða um umgengni (Sýslumenn, e.d.).

2.3.3 Jöfn búseta

Síðustu ár hefur jöfn búseta orðið algengari, hvort tveggja á Íslandi og annars staðar í vestrænum löndum og velur um fjórðungur foreldra það fyrirkomulag (Bergström, Modin, Fransson, Rajmil, Berlin og Gustafsson, 2013; Juby, Le Bourdais og Marcil-Gratton, 2005; Kitterød, Lyngstad, Nymoen og Wiik, 2014; Sigrún Júlíusdóttir, Sólveig Sigurðardóttir og Dögg Pálsdóttir, 2016). Hugtakið *jöfn búseta* hefur ekki verið skilgreint í íslenskum lögum en Sigrún Júlíusdóttir o.fl. (2016) segja það fela í sér þegar börn skiptast á að vera hjá foreldrum sínum og eru þar jafnlangan tíma í senn. Misjafnt er eftir fjölskyldum hvernig þær haga þessu búsetuformi en það felur í sér jafna viðveru á hvorum stað í lengri eða skemmri tíma í senn (Bergström o.fl., 2013; Sigrún Júlíusdóttir o.fl., 2016). Algengast er svokallað viku/viku fyrirkomulag, þar sem börnin eru í viku í senn hjá hvoru foreldrinu (Sigrún Júlíusdóttir og Jóhanna Rósa Arnardóttir, 2008).

Þær rannsóknir sem hafa verið gerðar á viku/viku fyrirkomulaginu sýna að meirihluti foreldra og barna sem hefur þann háttinn á er ánægður með það, með þeim fyrirvörum að samskipti foreldra gangi vel og hagsmunir barnsins séu hafðir að leiðarljósi, til dæmis með því að foreldrarnir búi í sama hverfi (Bergström, Fransson, Hjern, Köhler og Wallby,

2014; Ottosen og Schwarz, 2013; Sigrún Júlíusdóttir o.fl., 2016). Rannsókn Þórodds Bjarnasonar og Ársæls M. Arnarssonar (2011) sýndi fram á að börn sem hafa jafna búsetu hjá foreldrum eru í betra sambandi við þá og tengsl þeirra eru sterkari. Í rannsókn sinni á skilnaðarbörnum á fullorðinsárum bendir Ahrons (2007) þó á að þeim hafi þótt búseta og fjöldi daga á hvoru heimili skipta minna máli í samhengi við samband þeirra við foreldra sína á fullorðinsárum heldur en samskipti foreldranna sín á milli. Formið hefur einnig verið gagnrýnt og bent á að jöfn búseta hefur í för með sér talsvert rót fyrir börn, enda þurfa börn í þessu búsetuformi oft að skipta um heimili á nokkurra daga eða vikna fresti. Að auki er talið að það séu helst þeir foreldrar sem framsýnastir eru og hafa mestan metnað til að gera vel sem velja fyrirkomulag jafnrar búsetu. Því sé líklegt að með meiri sýnileika formsins í framtíðinni velji fleiri foreldrar það sem eru ekki í stakk búnir til að haga samskiptum sínum með velferð barnanna að leiðarljósi (Ottosen, Stage og Jensen, 2011; Sigrún Júlíusdóttir og Sólveig Sigurðardóttir, 2013, bls. 210).

2.3.4 Skipt búseta

Hvernig sem forsjá og búsetu barna er hagað þurfa foreldrar að taka ákvörðun um hvar lögheimili barnsins á að vera. Síðustu ár hefur talsvert verið í umræðunni að færa það í lög að börn geti haft tvö lögheimili (sjá t.d. Sigrún Júlíusdóttir og Jóhanna Rósa Arnardóttir, 2008; Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, 2015 og Kanna möguleika á tvöföldu lögheimili, 2015). *Skýrsla innanríkisráðherra um jafnt búsetuform barna sem búa á tveimur heimilum* (Ólöf Nordal, 2015) var gerð til að kanna hvernig jafna mætti stöðu foreldra sem fara sameiginlega með forsjá. Niðurstöður skýrslunnar voru þær að tvöfalt lögheimili væri ekki besta lausnin til að jafna þennan mun. Betra væri að fara aðra leið að norrænni fyrirmynd þar sem svokölluð *skipt búseta* hefur verið nýtt. Skipt búseta þýðir að báðir forsjáraðilar þurfa að ná samkomulagi um ákvarðanatöku hvað barnið varðar og sérstakt samkomulag er gert um greiðslur á borð við meðlag og barnabætur. Foreldrum er sjálfum heimilt að ákvarða um skipta búsetu. Góð samvinna og samskipti eru talin forsenda þess að jöfn búseta gangi upp og best ef foreldrar búa í sama hverfi. Af þeim ástæðum er foreldrum uppálagt að taka sjálfir ákvörðun um hvar lögheimili barnanna er því ef ekki tekst að taka ákvörðun um það er það metið sem svo að forsendan fyrir jafnri búsetu sé brostin (Ólöf Nordal, 2015).

2.3.5 Seigla eftir skilnað

Eins og komið hefur fram getur skilnaður foreldra haft talsverð áhrif á börn. Mikilvægt er að hugað sé að tilfinningum og líðan barna í slíkum aðstæðum. Það sama á við ef foreldrar ákveða byrja í nýjum ástarsamböndum og stofna þannig jafnvel til stjúpjölskyldna. Í

Barnalögum (nr. 20/1992), skrifum Sýslumanna (e.d.) um búsetu og umgengni og hugmyndum Innanríkisráðuneytisins um skipta búsetu kemur skýrt fram að mikilvægt sé að foreldrar hafi hagsmuni barna að leiðarljósi og reyni eftir fremsta megni að vinna saman og hafa samskipti góð. Þessi atriði virðast einnig lykilatriði í því að jöfn búseta gangi vel fyrir sig. Sætir það lítilli furðu enda benda rannsóknir ítrekað á hversu miklu máli góð foreldrasamvinna og samskipti skipta fyrir vellíðan og velferð skilnaðarbarna. Fyrir það fyrsta hefur komið í ljós að best þykir að foreldrar segi börnum sínum í sameiningu frá því að þeir hafi ákveðið að skilja (Benedikt Jóhannsson, 2004, bls. 63; Sigrún Júlíusdóttir o.fl., 2008, bls. 59). Á Íslandi virðist því vera ábótavant, en rannsókn Sigrúnar o.fl. (2008, bls. 59) sýndi að einungis þriðjungur foreldra sagði börnunum sínum sameiginlega frá ákvörðun um skilnað. Í rannsókninni kom fram að yfirleitt sá móðir ein um að segja börnunum frá skilnaði eða þeim var ekki sagt sérstaklega frá honum.

Sigrún Júlíusdóttir og Sólveig Sigurðardóttir (2013, bls. 204) benda einnig á að foreldrum þyki ákvörðun um skilnað vera einkamál sitt og segja börnum og öðrum fjölskyldumeðlimum ekki sérstaklega frá henni fyrr en hún er orðin að veruleika og fók flytur í sundur. Eins og áður hefur komið fram skynja börnin oft að eitthvað bjáti á sem getur valdið þeim kvíða og áhyggjum. Hreinskilni foreldra við börnin minnkar líkur á þessum áhyggjum (Sigrún Júlíusdóttir o.fl., 2008, bls. 60).

2.3.6 Foreldrasamvinna

Rannsóknir hafa ítrekað sýnt fram á að fátt styður betur við velferð barna eftir skilnað en góð foreldrasamvinna. Ahrons (2007) sýndi til að mynda fram á það að ekkert hafði eins mikið að segja um velferð barna á fullorðinsárum eins og samband foreldra þeirra eftir skilnað. Því betra sem sambandið var milli foreldranna, því meiri velferð sýndu börnin á fullorðinsaldri. Athygli vakti að ósk barnanna var ekki að foreldrarnir væru góðir vinir heldur fyrst og fremst að þau gætu átt vinaleg samskipti og töluðu ekki illa hvort um annað. Börn þeirra foreldra sem áttu í góðu sambandi á skilnaðartímabilinu áttu í betra sambandi við afa, ömmur og stjúpforeldra eftir skilnað (Ahrons, 2007; Doyle, O'Dywer og Timonen, 2010).

Aðrar rannsóknir, íslenskar jafnt sem erlendar, taka í sama streng hvað mikilvægi góðrar foreldrasamvinnu varðar og á það einnig við um velferð foreldranna (Benedikt Jóhannsson, 2004, bls. 69; Benedikt Jóhannsson, 2007; Kelly og Emery, 2003; Sigrún Júlíusdóttir og Sólveig Sigurðardóttir, 2013, bls. 41; Þóroddur Bjarnason og Ársæll M. Arnarsson, 2011). Stuðningur foreldra, hlýja, umhyggja og agi eiga ríkan þátt í velferð þeirra barna sem upplifa skilnað. Á það við bæði um lögheimilis- og umgengnisforeldra (Amato, 2000; Kelly og Emery, 2003). Góð samvera við feður, sem eru yfirleitt

umgengnisforeldrar, hefur einnig verndandi áhrif og minnkar líkur á sálrænum kvillum (Amato og Gilbreth, 1999). Þegar foreldrar búa nálægt hvorum öðrum er auðveldara fyrir börnin að umgangast þá báða og sinna skóla og tómstundum. Það hefur því reynst vel þegar foreldrar geta háttað búsetu þannig að þeir séu í sama hverfi (Benedikt Jóhannsson, 2004, bls. 67; Sigrún Júlíusdóttir o.fl. 2008, bls. 63). Það er því ýmislegt sem foreldrar geta gert til að auka líkur á því að börn þeirra verði fyrir sem minnstu rofi vegnað skilnaðar. Góð samvinna foreldra hefur þar mest að segja. Því minna róti sem börn verða fyrir, því betra.

2.4 Viðhorf og vondar stjúpur

Stjúpfjölskyldur verða sífellt algengari þar sem skilnaðir eru tíðari en áður og þurfa því einstaklingar að aðlaga sig að nýjum og breyttum heimilisaðstæðum og persónulegum þörfum hvers einstaklings í fjölskyldunni (Sigrún Júlíusdóttir, 2001). Sigrún Júlíusdóttir (2001, bls. 140) segir að fjölskylda sé:

[...] hópur einstaklinga sem á sameiginlegt heimili þar sem einstaklingarnir deila tómstundum, hvíld, tilfinningum, efnahag, ábyrgð og verk-efnum. Meðlimirnir eru oftast tvær fullorðnar manneskjur eða einstaklingur ásamt barni eða börnum. Þau eru skuldbundin hvert öðru í siðferðilegri og gagnkvæmri hollustu (Sigrún Júlíusdóttir, 2001, bls. 140).

Velferðarráðuneytið notast einnig við skilgreiningu Sigrúnar í útgefnu efni um fjölskyldur (Velferðarráðuneytið, e.d.). Skilgreining Sigrúnar nær vel utan um þá hollustu og skuldbindingu sem fjölskylduhugtakið felur í sér og stjúpfjölskyldur geta vel fallið undir hana. Þó teljast sambönd stjúpforeldra og stjúp barna með erfiðustu samböndum sem eru mynduð þar sem þau eru í eðli sínu ólík öðrum samböndum (Ganong, Coleman, Fine og Martin, 1999; Hetherington og Elmore, 2003, bls. 186). Með því er átt við að sambandið er tilkomið vegna þriðja aðila og því í raun ekki valkvætt milli barns og fullorðins. Fyrir barninu er stjúpforeldrið fyrst og fremst sú manneskja sem foreldri þess varð ástfangið af og það hefur ekkert um það samband að segja.

Hefji kynforeldrar og stjúpforeldrar sambúð þýðir það að börn þurfa að takast á við að ný manneskja sé orðinn stór hlutur af lífi foreldra þeirra. Stjúpforeldrar geta líka sjálfir átt börn úr fyrri samböndum og þá eignast börnin einnig stjúp systkin. Slíku fylgir oft talsvert þúsluspil enda er verið að byggja nýja fjölskylduheild úr brotum annarra fjölskyldna. Þær ná til fleiri en eins heimilis og flækjustigið getur verið hátt. Rannsóknir hafa þó sýnt að í flestum tilfellum tekst á endanum að mynda farsæl stjúp sambönd (Amato, 2010; Dunn, 2002; Golish, 2003). Margir þættir skipta máli um það hvernig

stjúpfjölskyldumyndunin gengur og hvort fjölskyldulífið verður farsælt. Varðar það börn, fullorðna og þær aðstæður sem stjúpfjölskyldan verður til í. Mikilvægt er fyrir fólk að huga að þessum þáttum enda hefur það sýnt sig að vandamál við myndun stjupsambanda er ein af helstu ástæðunum fyrir því að fólk í seinni samböndum skilur (Coleman, Ganong og Russel, 2013, bls. 93). Coleman o.fl. (2013, bls. 98) benda einnig á að samfélagslegt viðhorf til stjúpfjölskylda er gjarna neikvætt og það getur skapað streitu meðal fjölskyldumeðlima. Í þessum kafla verður fjallað um samfélagslegt álit á stjúpfjölskyldum og það tengt við goðsögnina um vondu stjúpmóðurina.

2.4.1 Samfélagslegt álit á stjúpfjölskyldum

Kjarnafjölskyldan, sem samanstendur af karli, konu og sameiginlegum börnum þeirra beggja, hefur yfir sér blæ fullkomnunar. Þrátt fyrir að í heiminum finnist fjölmörg mismunandi fjölskylduform virðist sem kjarnafjölskylduformið sé félagslegt viðmið og það sem er notað til að bera aðrar fjölskyldugerðir saman við (Ganong og Coleman, 1997; Planitz og Feeney, 2009). Bernard Farber (1973, bls. 4) sagði kjarnafjölskylduna vera náttúrulega einingu í samfélaginu og eftirsóknarverða sem slíka. Cherlin (1978) segir að stofnunin fjölskylda bjóði upp á fastmótuð félagsleg gildi hvað varðar fólksfjölgu og barnauppleði. Viðeigandi hegðun og hlutverkaskipti í daglegu fjölskyldulífi séu skýr fyrir meðlimi kjarnafjölskyldna, sem hafi þau áhrif að fjölskyldur séu stöðug eining. Cherlin (1978) segir að öll lög sem fjalli um fjölskyldur geri ráð fyrir að þær samstandi af konu, karli og sameiginlegum börnum þeirra. Á það til að mynda við um lög um forsjá og framfærslu barna, sem sé alveg ljós í kjarnafjölskyldum. Einnig sé hlutverkaskipting á heimilum hefðbundin (Cherlin, 1978). Hafa ber í huga að greinin er tæplega fjörutíu ára gömul og gengur Cherlin út frá því að konur sjái mest um umönnun barna og hlutverk karla sé að sjá fjölskyldum síðum farborða.

Rannsóknir sýna að samfélagslegt álit á stjúpfjölskyldum sé ennþá á þann veg að þær séu síðri en hefðbundnar fjölskyldur. Ein meginhugmyndin er sú að stjúpfjölskyldur séu líklegri til vandræða og síður hæfar til að „starfa“ eins vel og kjarnafjölskyldur. Þær búi helst yfir neikvæðum eiginleikum og það sé jafnvel skaðlegt að vera meðlimur í slíkri fjölskyldu. Stjúpfjölskyldur séu þess vegna eitthvað sem skammarlegt er að vera hluti af. Það álit megi rekja til þrjár fólks til ímyndaðrar fortíðar þar sem kjarnafjölskyldan var allsráðandi, fjölskyldan var heild, feður unnu úti en mæður heima og börn upplifðu meiri ást og stöðugleika en í dag (Ganong og Coleman, 1997). Kjarnafjölskyldan er álitin hefðbundin og allt sem er utan hennar þykir óvenjulegt eða öðruvísi (Coleman, Ganong, Russel og Frye-Cox, 2015).

Á valdatíma George W. Bush, árin 2002-2009, hélt Bandaríkjastjórn uppi herferðum sem hvöttu pör sem áttu börn saman til svokallaðra „heilbrigðra hjónabanda“. Þau voru þá hvött til þess að gifta sig og feður til að taka virkan þátt í uppeldi barna sinna. Einungis var átt við gagnkynhneigð pör sem ekki áttu börn úr fyrri samböndum (Acs, 2007). Acs (2007) segir þetta skýrt merki um það álit sem stjórnvöld vestra hafa á stjúp fjölskyldum. Ganong og Coleman (2017, location 885) benda aftur á móti á að þessar draumkenndu hugmyndir um lífið eins og það var eigi ekki við rök að styðjast í raunveruleikanum. Ljóst sé að ekki hafi hver einasta fjölskylda verið samheldin, hamingjusöm og sýnt gagnkvæma ást og hollustu þrátt fyrir að uppsetning hennar hafi verið eins og samfélagsleg gildi gerðu ráð fyrir. Þrátt fyrir það virðist sem eðlilegt þyki að halda því að fólki að viðhalda hinum hefðbundnu kjarnafjölskyldum gangandi. Það sé frekar vegna félagslegrar og trúarlegrar íhaldssemi heldur en að raunverulegt gagn sé af því fyrir farsæld barna (Acs, 2007). Þó virðist sem einhver breyting sé að verða, í það minnsta hjá yngri kynslóðinni, en nýsjálenskar rannsóknir sem gerðar hafa verið á síðustu 15 árum sýna að börn og unglingar séu með nokkuð opinn huga hvað varðar það hverja þau telja tilheyra fjölskyldu. Skiptir þá litlu máli hvort um er að ræða fólk í hjónabandi, fólk í sambúð, stjúp fjölskyldur, einstæða foreldra eða samkynja pör, en þetta telja þau flest allt til fjölskyldna. Börnin virðast þó leggja nokkra áherslu á að til að geta kallast fjölskylda verði að vera börn í spilinu (Anyan og Pryor, 2002; Rigg og Pryor, 2007).

Fáar nýlegar rannsóknir hafa komið fram á sjónarsviðið um samfélagslegt álit á stjúp fjölskyldum. Planitz og Feeney (2009) sýndu fram á að almenningsálit gagnvart stjúp fjölskyldum sé lægra en gagnvart kjarnafjölskyldum í Ástralíu. Stjúp fjölskyldur voru álitnar eiga við fleiri erfiðleika að stríða, að fjölskyldubönd innan þeirra væru veik eða brotin og meðlimir þeirra sýndu minni umhyggju, ástúð og stuðning en meðlimir kjarnafjölskyldna. Coleman o.fl. (2013, bls. 90-91) benda einnig á að orðræða um stjúp fjölskyldur í daglegu tali sé fremur neikvæð. Forskeytið *stjúp-* sé oft notað í niðrandi merkingu í enskri tungu, til dæmis til að lýsa einhverjum sem er utanveltu. Finna má sambærileg dæmi á íslensku. Sé forskeytinu *stjúp-* flett upp í orðabók Snöru stingur hún upp á orðunum *stjúpmóðurlegur* og *stjúpmóðursneið*. Ef eitthvað er *stjúpmóðurlegt* þýðir það „sem minnir á (vonda) stjúpu, setur e-n hjá í skiptum, nískari í útlátum við einn en aðra . . . “ (Snara, e.d.-a). *Stjúpmóðursneið* merkir svo „þunn (brauð)sneið“ (Snara, e.d.-b), og má skilja það sem svo að stjúp mæður gefi stjúp börnum þynnri brauðsneið en öðrum. Einnig eru hugmyndir gamalla ævintýra um *vondar stjúpur* vel þekktar, en nánar verður farið í þær í næsta kafla. Forskeytið *stjúp-* gæti því vakið upp neikvæð hugrenningartengsl hjá fólki.

Leong og Angst (2005) sýna fram á að ljósvakamiðlar birta tvær mjög ákveðnar myndir af stjúpfjölskyldum. Ýmist að stjúpfóreltrar séu illkvittnir og jafnvel ofbeldisfullir í garð stjúpbarna sinna, eða gefið í skyn að allt sé í lukkunnar velstandi og stjúpfóreltrar og börn elski hvert annað frá fyrstu mínútu. Eins og sýnt verður fram á síðar í þessari ritgerð er varasamt að leggja trúnað á þessar hugmyndir enda eru manneskjur misjafnar og tengslamyndun einnig. Enn eimir þó greinilega eftir af gömlum hugmyndum um að stjúpfjölskyldur séu lægra settar en kjarnafjölskyldur í samfélaginu. Stjórnvöld og fjölmiðlar taka þátt í að ýta undir þetta sjónarmið með því að hvetja til hefðbundinna fjölskylduforma og sýna stjúpfjölskyldur á máta sem ekki á endilega við rök að styðjast í raunveruleikanum.

2.4.2 „Vonda stjúpan“

Flestir sem hafa lesið sögur og ævintýri kannast við goðsögnina um vondu stjúpmóðurina. Í ævintýrinu um Öskubusku lét stjúpmóðir hennar hana þræla á heimilinu en dekraði blóðdætur sínar á sama tíma. Fjölmargar útgáfur eru til af sögunni og koma þær hvaðanæva af úr heiminum og frá hinum ýmsu tímabilum. Elsta útgáfan sem til er af Öskubusku er frá Kína og má rekja til ársins 1000 eða fyrr (Christian, 2005; Valgerður Halldórsdóttir, 2012, bls. 27). Einnig má nefna sögunnar um Mjallhvíti og Hans og Grétu, en stjúpmæðurnar í báðum sögum reyndu að koma söguhetjunum fyrir kattaneft (Jones, 2004; Pryor, 2014, bls. 7).

Þær hugmyndir að stjúpmæður séu vondar og komi illa fram við saklaus stjúpbörn sín eru því alls ekki nýjar af nálinni. Þannig virðist samfélagslegt álit á stjúpmæðrum lengi hafa verið lágt. Umræðan um „vonda stjúpföðurinn“ fyrirfínist þó í miklu minni mæli, því frekar virðist einblínt á stjúpmæður í þessu samhengi. Þrátt fyrir að hlutverk stjúpmæðra og stjúpfeðra hafi verið til jafnlengi hafa stjúpfeður að miklu leyti sloppið við það sögulega neikvæða ljós sem ævintýrin varpa á stjúpmæður. Stjúpfeður hafa vissulega fengið sinn skerf af neikvæðu áliti samfélagsins en það hefur fremur verið í tengslum við tölur um kynferðisbrot karla gegn börnum, en ekki goðsögnina um að þeir séu illir (Levin, 1997). Ljóst er að sögulegt álit á stjúpfóreltrum, og þá sérstaklega stjúpmæðrum, hefur verið fremur neikvætt. Líklegt verður að teljast að þessi neikvæða birtingarmynd stjúpfjölskyldna í gömlum ævintýrum hafi áhrif á það hvert almenningsálit á þeim hefur verið í gegnum tíðina (Ganong og Coleman, 1997). Erfitt er að segja til um hvaðan þessar hugmyndir um vondu stjúpmæðurnar koma en Mignot (2008, bls. 54-56) bendir á að völd kirkjunnar hafi verið mikil og það hafi verið álit hennar manna að hjónabandið væri heilagt og þannig órjúfanlegt. Því voru skilnaðir og endurgiftingar álitin synd. Christian (2005)

segir að vegna hugmyndanna um vondu stjúpuna sé stjúp móðurhlutverkið enn lítið neikvæðum augum.

2.5 Myndun stjúp fjölskyldna og jákvæð samskipti

Eins og vikið var að hér að ofan er myndun stjúp fjölskyldna talsvert þúsluspil, sér í lagi ef báðir makar eiga börn úr fyrri samböndum. Ef það er tilfellið eignast börnin stjúp systkin og síðar hálf systkin, ef foreldrið og stjúpforeldrið eignast börn. Í þessum kafla verður fjallað um þær breytingar sem geta orðið á lífi fólks þegar það stendur í þeim sporum að reyna að mynda stjúp fjölskyldu. Það verður fyrst skoðað frá sjónarhorni fullorðna aðilanna, því næst barnanna og síðan verður sagt frá því hvaða leiðir hafa reynst vel í myndun jákvæðra samskipta stjúpforeldra og stjúp barna. Að lokum verður fjallað sérstaklega um stjúp mæður, áskoranir sem þær mæta og þá eiginleika sem stjúp börn kunna að meta í fari góðra stjúp mæðra.

2.5.1 Fullorðnir

Talsverðar líkur eru á því að fólk sem stofnar til stjúp fjölskyldna hafi verið í sambúð eða hjónabandi, þó það sé ekki algilt. hvort sem um er að ræða annan eða báða maka, eins og kom fram í umfjöllun um skilnaði og giftingar (Hagstofa Íslands, e.d.-b). Líklegt er því að í það minnsta annar makinn hafi gengið í gegnum skilnað áður en hann kynntist nýja makanum. Ganong, Coleman og Hans (2006, bls. 413) segja að upplifun fólks af fyrsta skilnaði hafi mikið um það að segja hvernig það lítur á það að giftast aftur og verða hluti af stjúp fjölskyldu. Ef skilnaðurinn var jákvæð reynsla má vera að viðkomandi líti á nýja sambandið sem tækifæri til nýs upphafs. Aftur á móti getur líka verið að hann meti það að vera einhleypur svo mikils að hann vill síður leggja í annað samband. Ef skilnaðurinn reyndist erfiður vilja sumir ekki leggja það á sig að byrja upp á nýtt í nýju sambandi, á meðan aðrir líta jákvæðum augum að snúa aftur í fjölskyldulífið sem þeir söknuðu.

Það að eignast nýjan maka getur haft marga kosti í för með sér. Má þar til að mynda nefna aukinn og sterkari félagsauð, tilfinningalega nánd og félagsskap annars fullorðins aðila í fjölskyldunni (Taylor, Robila og Fisackerly, 2013, bls. 281). Að auki batnar fjárhagurinn þegar tveir aðilar halda heimili og er hjónaband skilvirkasta leiðin fyrir fólk, sérstaklega mæður, að styrkja fjárhagslega stöðu sína (Amato, 2001; Hetherington og Elmore, 2003, bls. 194). Það er þó ýmsum erfiðleikum bundið að skapa nýja fjölskyldu, með öllum síðum, reglum og rútínum sem fjölskyldulífi fylgir og getur slíkt reynt talsvert á fullorðna fólk, rétt eins og börnin. Að auki er oft til staðar fyrirverandi maki, kynforeldri barnsins á hinu heimilinu, sem parið þarf barnsins vegna að vera í samskiptum við. Það getur valdið streitu í nýja sambandinu. Flækjustigið getur því verið hátt og reynt á fólk að

sýna stillingu og þroska í samskiptum við fyrrverandi maka og nýja fjölskyldumeðlimi (Ganong og Coleman, 2017, location 2251; Schrodts og Braithwaite, 2011). Golish (2003) sýndi fram á að einir mestu erfiðleikar sem fullorðnir meðlimir stjúp-fjölskyldna standa frammi fyrir séu að setja og standa við mörk gagnvart fyrrverandi mökum. Eins og áður sagði er farsælast fyrir þar sem hefur skilið að reyna að halda góðu sambandi, bæði barnanna og þeirra sjálfra vegna. Golish (2003) og Schrodts og Braithwaite (2011) segja að þetta eigi líka við eftir að fólk byrjar í nýjum samböndum. Samskipti við fyrrverandi maka ættu að vera á jákvæðum nótum og ákvarðanir varðandi börnin teknar í sameiningu, enda sé fólk ennþá foreldrar þó að nýir makar séu komnir í líf þeirra. Það að fólk haldi barnauppleði eins og það var áður en nýr maki kom til sögunnar skilar sér í meiri velferð barna, foreldra og stjúpforeldra (Schrodts og Braithwaite, 2011). Samkvæmt Braithwaite, McBride, og Schrodts, (2003) er mikilvægt sé að fólk finni leiðir til þess að samskipti gangi sem best en rannsókn þeirra bendir til þess að flestir finni til þess leiðir að lokum og séu ánægðir með hvernig samskiptum milli heimila sé háttað.

Deilur um það hvernig haga beri barnauppleði eru eitt algengasta þrætuefni meðal þara í stjúp-fjölskyldum (Coleman o.fl., 2013, bls. 93; Stanley, Markman og Whitton, 2002). Rannsóknir sýna þó fram á að þör í stjúp-fjölskyldum sem standa saman, eru samtaka í uppleði og samræma reglur heimilisins reynast hamingjusamari en önnur (Golish, 2003; Schrodts og Braithwaite, 2011). Í samböndum þar sem deilur eru miklar og tíðar eru meðlimir, börn og fullorðnir, óhamingjusamari. Að auki veikja tíðar deilur stöðu stjúpforeldra í lífi stjúp-barna og börnin taka síður mark á þeim (Hetherington og Elmore, 2003, bls. 195). Sumir feður gera ráð fyrir því að nýju konurnar þeirra taki að sér ábyrgð á uppleði og umsjón með börnum þeirra (Hetherington og Elmore, 2003, bls. 200). Það getur skapað streitu í parasambandinu og einnig í sambandi stjúp-mæðranna við stjúp-börnin. Nánar verður fjallað um það í kaflanum hér á eftir.

2.5.2 Börn

Ýmislegt í fari, hegðun og umhverfi barna getur haft áhrif á það hvernig myndun stjúp-sambands gengur. Fyrir það fyrsta hefur tilhögun búsetu barna áhrif. Ef barn dvelur meirihluta tímans á heimili þar sem stjúpforeldri er til staðar myndast fleiri tækifæri til að eiga góðar stundir og styrkja samband. Á móti gefst þá einnig meiri tími til átaka. Mikil samvera getur því haft bæði jákvæð og neikvæð áhrif og fólk þarf að finna hvað hentar best hverju sinni. Hafa ber í huga að það er fremur eðli og gæði samverunnar sem gildir en magn (Ganong o.fl., 2011; Hetherington og Elmore, 2003, bls. 190). Einnig skiptir máli á hvaða aldri börnin eru þegar stjúpforeldrarnir koma inn í líf þeirra. Því yngri sem börnin eru, því auðveldara er fyrir stjúpforeldra að mynda gott samband við þau og líklegra að

þau líti á stjúpfórelðrana sem fjölskyldumeðlimi (Coleman o.fl., 2015; Dunn, 2002). Erfiðast virðist vera fyrir börn á fyrri hluta unglingsára að sætta sig við að eignast stjúpfórelðra (Hetherington og Elmore, 2003, bls. 190). Unglingsárin eru tími mikilla breytinga hjá flestum, bæði líkamlegra og andlega og á þeim tíma fara börn að uppgötva sjálfstæði sitt en eiga á sama tíma oft í tilfinningalegum erfiðleikum. Vera má að uppreisn gegn stjúpfórelðrum sé tilraun til að sýna að þau vilji vald yfir eigin lífi.

Skapgerð barnanna hefur líka áhrif á hvort vel gengur að mynda samband. Fólk á misvel skap saman og þó að fórelðri verði ástfangið af annarri manneskju er alls ekki víst að börn þess kunni jafn vel að meta hana. Þau börn sem eru að upplagi geðgóðar, bjartsýn og með hátt sjálfstraust virðast eiga auðveldara með að taka stjúpfjölskyldumyndun með jákvæðu hugarfari og eiga betri sambönd (Amato, 2001; Hetherington og Elmore, 2003, bls. 192). Takist stjúpfórelðrum og stjúpbörnum að mynda náið og ástúðlegt samband byggt á gagnkvæmu trausti er líklegra að stjúpbörnum farnist vel í skóla, þau eru hamingjusamari og sjálfstraust þeirra reynist hærra (Coleman o.fl., 2013, bls. 93; Hetherington og Elmore, 2003, bls. 200).

2.5.3 Þrjú flokkar tengslamyndunar

Líkt og rætt hefur verið hér að ofan er myndun sambands stjúpfórelðris og stjúpbarns eitt erfiðasta verkefni sem fólk stendur frammi fyrir. Rannsóknir hafa þó sýnt fram á að þetta flókna verkefni er gerlegt og best reynist þegar stjúpfórelðri reynir að mynda vinasamband við stjúpbarnið áður en það stígur inn í hlutverk uppálanda (Ganong o.fl., 2011; Golish, 2003; Schrodts og Braithwaite, 2011).

Einhver viðamesta rannsókn samböndum stjúpfórelðra og stjúpbarna (Ganong o.fl., 1999) skoðaði hvaða leiðir stjúpfórelðrar fóru þegar kom að því að mynda tengsl við stjúpbörn sín. Rannsóknin sýndi fram á að stjúpfórelðrunum mátti skipta niður í þrjú flokka:

1. Þeir stjúpfórelðrar sem reyndu ekki að mynda nein tengsl: Þessir stjúpfórelðrar reyndu lítið sem ekkert að mynda tengsl og gáfu þeim lítinn gaum. Þeir voru ekki vondir við stjúpbörninn og hunsuðu þau ekki en reyndu frekar að mynda tengsl við fórelðri barnanna heldur en þau sjálf. Þegar þeir áttu samskipti við börnin var það af öðrum ástæðum en tilraunum til tengslamyndunar, til að mynda að vinna sér inn ást kynfórelðris.

2. Þeir stjúfforeldrar sem reyndu að mynda tengsl snemma: Þeir reyndu að mynda tengsl snemma í sambandinu en hættu því svo fljótlega eftir að þeir fóru að búa með foreldrinu. Þá stigu margir þeirra strax inn í aga- og uppeldishlutverk og litu á sig sem staðgengil foreldris stjúpbarnanna, en það skapaði oft andúð hjá stjúpbörnunum.

3. Þeir stjúfforeldrar sem reyndu að mynda tengsl snemma og héldu því áfram í sambúð: Þeir reyndu að fá stjúpbörnin til að líka vel við sig. Þeir tóku þátt í athöfnum sem stjúpbörnin höfðu gaman af og gerðu hluti fyrir stjúpbörnin sem þeir vissu að þau kynnu að meta. Þeir lögðu sig líka fram við að halda tengslunum góðum eftir að þeir hófu að búa á sama heimili og stjúpbörnin.

Ganong o.fl. (1999) segja rannsóknina benda til þess að best sé að fara leiðina sem foreldrarnir í flokknum „þeir sem reyndu að mynda tengsl snemma og héldu því áfram í sambúð“ fóru. Þeir eiga í hlýrra og nánara sambandi við stjúpbörnin. Niðurstöðurnar sýna fram á að best er fyrir stjúfforeldra að bíða eins lengi og mögulegt er með að stíga inn í aga- og uppeldishlutverk gagnvart stjúpbörnunum. Það sem best reyndist til að mynda tengsl við stjúpbörnin var að gera hluti sem þeim þóttu skemmtilegir og taka þátt í skemmtilegum fjölskylduathöfnum. Má þar nefna sem dæmi að fara í bíó, út að borða, fara í frí og verslunarferðir, leika og hlæja saman, gefa börnunum hluti sem þau langaði í og kenna þeim ýmislegt. Stjúfforeldrarnir sögðust þó ekki einungis gera þetta til að mynda gott samband við stjúpbörnin heldur einnig til að mynda góðan fjölskylduanda.

Farsælasta leiðin, að mati stjúpbarna og stjúfforeldra, var þegar þau gerðu hluti bara tvö saman, til dæmis að spila eða fara á skemmtanir. Best reyndist þegar stjúpbörnin fengu að velja sjálf hvað var gert. Þeir stjúfforeldrar sem lögðu sig fram við að tala við stjúpbörnin og hlusta á þau uppskáru líka vel og öðluðust frekar traust þeirra. Þeir stjúfforeldrar sem lögðu sig fram við að láta börnunum líða eins og hluta af fjölskyldunni, til dæmis með því að kynna þau fyrir fjölskyldu sinni, sýna þeim æskustöðvar sínar og hafa pláss fyrir þau á heimilinu þóttu einnig vinsælir.

Einnig reyndist vel þegar stjúpbörnin fundu fyrir því að verið var að reyna að mynda tengsl við þau. Hlutir sem fóru fram hjá stjúpbörnunum eða þau vissu ekki af, til dæmis þegar stjúfforeldrar mæta á foreldrafundi, skiluðu sér síður í góðu sambandi. Hegðun foreldra og systkina barnanna og hvernig þau bregðast við sambandinu hefur líka sitt að segja. Sem dæmi má nefna ef þau reyndra að hindra að stjúpbörn og stjúfforeldrar eigi

skemmtilegar stundir bara tvö eða ef kynforeldrar ýta stjúpförelrunum í agahlutverk of snemma.

Samkvæmt Ganong o.fl. (1999) sögðu kynforeldrarnir að stundum reyndu umgengnisforeldrar að skemma samband barnanna við stjúpföreltra, til dæmis með því að tala illa um þá við börnin eða fara í keppni um athygli þeirra og ást. Börnin upplifðu oft hollustuklemmur og flest brugðust við slíkri keppni með því að loka á tengsl við stjúpföreltrana. Hinir umgengnisforeldrarnir voru ýmist styðjandi við stjúp sambandið eða þeir tjáðu sig ekkert um það. Slíkt reyndist ekki hafa nein áhrif á samband stjúp barna og stjúpföreltra. Í þeim tilfellum þar sem var munur á hversu vel systkinum líkaði við stjúpföreltra sína reyndist yngri börnunum alltaf líka betur við þá heldur en þeim eldri. Það gæti haft þau áhrif að stjúpföreldrarnir gefast upp á að reyna að mynda samband því eldri börnin taka ekki í það (Ganong o.fl., 1999).

2.5.4 Jákvæð tengslamyndun

Aðrar rannsóknir styðja við niðurstöður Ganong o.fl. (1999). Golish (2003) sýnir til dæmis fram á að meðlimir í farsælum stjúp fjölskyldum séu duglegir að ræða málin og gera skemmtilega hluti saman, oft hluti sem börnin stinga upp á. Það ýti undir tilfinningatengsl sem aftur eykur fjölskyldubraginn. Stjúpföreltrar sem leggja sig fram við að mynda hlý og traust tengsl við stjúp börn, eru sveigjanlegir í uppeldinu og láta kynforeldrinu eftir að aga börnin uppskera betra samband við stjúp börn sín (Coleman o.fl., 2013; Golish, 2003; Schrodtt og Braithwaite; 2011). Ganong o.fl. (2006, bls. 423-426; 2011) segja að þó að varast beri að breyta mörgum reglum fljótlega eftir að stjúpföreltri flytur inn á heimilið. Þá er til dæmis átt við að ef börnin máttu áður borða kvöldmatinn fyrir framan sjónvarpið en mega það skyndilega ekki lengur, skynja þau að það er stjúpföreltrið sem leggur þessar reglur til. Það getur skapað erfiðleika í sambandi stjúp föreltra og stjúp barna. Því ættu föreltri og stjúpföreltri að vanda valið um hvaða reglum sem giltu áður en stjúpföreltrið flutti inn skuli breyta og hverjar fái að halda sér.

Í annarri rannsókn Ganong o.fl (2011) er skoðað hvernig þessi tengsl verða til og þróast og þar kom margt áhugavert í ljós. Líkt og í rannsókn Ganong o.fl. (1999) sýndi þessi rannsókn fram á að þau sambönd stjúp föreltra og stjúp barna sem reyndust farsæl og stjúp börnin lýstu velþóknun á stjúpförelrunum frá byrjun, áttu það sameiginlegt að lögð hafði verið vinna í að gera skemmtilega hluti saman sem bæði börn og fullorðnir höfðu gaman af. Stjúpföreldrarnir reyndu frá byrjun að mynda vinasambönd við stjúp börnin í stað þess að beita þau aga og stjúp börnin töluðu um að þau hefðu virt stjúpföreltrana fyrir það og samþykkt þá í kjölfarið (Ganong o.fl., 2011).

Annað sem kom fram var að ekki er útilokað að mynda gott samband þó það hafi verið erfitt í upphafi. Nokkrum stjúpdætrum sem voru þátttakendur í rannsókninni líkaði illa við stjúpföreltra sína þegar þeir hófu sambúð með kynforeldrum þeirra. Þær sögðu allar frá því að af einhverjum ástæðum hefði það breyst og þær ákveðið að reyna að byggja upp gott samband við stjúpföreltrana. Spurðar um ástæður þessara breytinga gat engin þeirra útskýrt nákvæmlega hvað það var sem breyttist. Þær voru þó sammála um að stjúpföreltrið hafði góð áhrif á kynforeldri þess og þær óskuðu eftir stöðugra fjölskyldulífi, sem þær fengu með því að samþykkja stjúpföreltrana. Eftir það breyttist sambandið til hins betra. Flestar stjúpdæturnar bjuggu mest á heimili með stjúpföreltrinu og voru á grunnskólaaldri þegar samband kynforeldra og stjúpföreltra hófst. Einnig studdi þessi rannsókn við fyrri rannsóknir þess efnis að stjúpbörnin kunnu illa við þegar stjúpförelðarnir beittu þau aga. Þau sættu sig þó frekar við það ef sterk og traust tengsl höfðu náðst. Eins kom í ljós að samband barna við stjúpföreltra sína getur verið gott án þess að það komi niður á sambandi þeirra við foreldra sína á hinu heimilinu, það er að þau geta átt gott samband við bæði stjúpföreltra og kynforeldra (Ganong o.fl., 2011).

Coleman o.fl. (2013, bls. 99) benda á það hafi sýnt sig að þeim stjúpfjölskyldum sem sækja ráðgjöf hjá fagaðilum, til dæmis sálfræðingum eða fjölskylduráðgjöfum, gangi oft betur að mynda góð og traust tengsl milli meðlima en öðrum. Þau segja að það sem vanti oft upp á hjá meðlimum sé skilningur á stöðu og tilfinningum hvers annars. Þar geta ráðgjafar aðstoðað enda er aðkoma óháðs þriðja aðila oft nauðsynleg til að allir geti komið sínum tilfinningum á framfæri og á sama tíma reynt að setja sig í spor annarra í fjölskyldunni. Skilningur á þroska barna og unglunga getur hjálpað fullorðnum, bæði kynforeldrum og stjúpföreltrum, að sjá heiminn frá þeirra sjónarhorni og þar af leiðandi sýnt tilfinningum þeirra og líðan aukinn skilning. Kennsla í samskiptatækni og æfingar í að skilja tilfinningar annarra fjölskyldumeðlima getur skilað sér í farsælla parasambandi og þægilegra stjúpfjölskyldulífi fyrir alla meðlimi hennar (Coleman o.fl., 2013, bls. 99).

2.5.5 Stjúpmæður

Stjúpmæður eru ekki nýtt fyrirbæri líkt og áður hefur komið fram. Hins vegar er tiltölulega ný reynsla fyrir stjúpbörn að eiga stjúpmóður ásamt því að eiga kynmóður á lífi því áður fyrr eignuðust börn oftast stjúpmóður vegna fráfalls kynmóður. Samkvæmt Church (1999) upplifa stjúpmæður sig oft í sama hlutverki og eldri vinur barnsins en ekki í móðurhlutverki. Það að stjúpföreltri sé vinur stjúpbarna sinna er það hlutverk sem börnin jafnframt kjósa (Fine, Coleman og Ganong, 1998). Undir þetta taka Orchard og Solberg (1999) þar sem þau segja það vera algengt að stjúpmæður tileinki sér hlutverk vinar í stjúphlutverkinu. Orchard og Solberg framkvæmdu rannsókn þar sem þau skoðuðu

væntingar stjúpmæðra til stjúphlutverks síns. Rannsóknin sýndi að stjúpmæður bjuggust við því að vera þátttakendur í fjölskyldunni en gerðu sér ekki grein fyrir því að þær yrðu fyrst og fremst ábyrgar fyrir heimilisstörfum (Orchard og Solberg, 1999; Weaver og Coleman, 2005). Einnig fannst þeim mikilvægt að koma ekki í stað kynmæðra stjúpbarna sinna. Sá þáttur sem best sagði til um velgengni stjúpmæðra var það hversu miklum tíma þær eyddu með stjúpbörnum sínum (Orchard og Solberg, 1999). Weaver og Coleman (2005) benda einnig á að stjúpmæður setja gríðarmiklar kröfur á sjálfar sig að standa sig fullkomlega í hlutverki sínu. Stundum verða þessar kröfur stjúpmæðrunum um megn og þær gefast upp á að halda uppi ímyndinni um að allt sé fullkomið og gefast þess vegna jafnvel upp á stjúpfjölskyldulífinu.

2.5.6 Jákvæðir eiginleikar stjúpmæðra

Helen M. Crohn (2006) skoðaði jákvæða eiginleika sem stjúpmæður hafa frá sjónarhorni stjúpdætra þeirra. Alls tóku 19 konur þátt í rannsókninni og áttu þær allar sameiginlegt að eiga stjúpmóður. Þátttakendurnir voru á aldrinum 19 til 25 ára en þegar feður þeirra tóku saman við stjúpmæðurnar voru þær á aldursbilinu tveggja til 20 ára. Niðurstöður leiddu í ljós að stjúpmæðurnar reyndu ekki að leysa kynmæðurnar af í hlutverkum. Þátttakendurnir töldu þetta vera meginástæðu þess að samband þeirra við stjúpmæðurnar gengi vel og væri svona árangursríkt. Ein stjúpdóttirin, sem var tveggja ára þegar foreldrar hennar skildu og fimm ára þegar faðir hennar giftist aftur, sagði að stjúpmóðir sín hafi alltaf haldið sig frá yfirráðasvæði kynmóður hennar. Stjúpmóðirin reyndi með engu móti að fara í hlutverk uppalanda þegar hún og faðir viðmælandans tóku saman. Flestir viðmælendurnir fundu fyrir andlegum stuðningi frá stjúpmóður sinni og jafnvel greindu sumar frá því að stjúpmæðurnar hefðu verið til staðar fyrir þær. Þegar viðmælendurnir áttu að gefa stjúpmæðrum sínum hlutverkaheiti nefndu þær meðal annars: *kona pabba míns, vinur, skemmtileg vinkona, svöl barnfóstra, eins og systir, eins og frænka* og *eins og önnur móðir*. Sumar stjúpmæðurnar fengu fleiri en eitt heiti en oftast kom fyrir heitið *kona pabba míns*, því næst *skemmtileg vinkona* og þar á eftir *vinur* (Crohn, 2006).

Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu einnig fram á þær stjúpmæður sem voru ungar þegar þær komu inn í líf stjúpdætra sinna náðu mun frekar til þeirra. Aftur á móti sýna aðrar rannsóknir ekki fram á þessa niðurstöðu þar sem viðmælendurnir eru stjúpmæður. Þar líta stjúpmæður ekki á sig sem vinkonu stjúpdótturinnar, en hafa skal í huga að í þessum rannsóknum búa stjúpdæturnar heima hjá föður sínum og því eru þær í daglegum samskiptum við stjúpmóðurina. Þessar stjúpmæður taka frekar að sér hlutverk uppalanda

og skipa stjúpdætrum sínum til verka en aftur á móti gera stjúpmæður sem eru álitnar vinkonur stjúpdætra sinna það ekki.

Að lokum var hlutverkaheitið *eins og önnur móðir* tekið fyrir. Aðeins ein stjúpdóttir taldi þetta heiti eiga við stjúpmóður sína. Hún greindi frá því að hún hefði alltaf viljað móður sem tengdist henni sterkum tilfinningatengslum. Þessi tiltekna stjúpmóðir talaði afar fallega um kynmóðurin og tók að sér hlutverk sem stjúpmæður taka yfirleitt að sér þegar kynmóðir stjúpbarnsins yfirgefur það eða fellur frá. Í þeim tilfellum flytur barnið yfirleitt til föður síns og stjúpmóður og á þá barnið til að líta á stjúpmóðurina sem móður (Crohn, 2006). Church (1999) vill meina að þessi skyldleiki milli móður og stjúpdóttur flokkist undir kjarnafjölskyldu.

2.5.7 Áskoranir stjúpmæðra

Hart (2009) segir að rannsóknir hafi sýnt fram á að sambönd milli stjúpmæðra og stjúpdætra séu oft talin erfiðustu samböndin í stjúpfjölskyldum. Einnig greinir hún frá því að stjúpmæður hafi litlar sem engar upplýsingar sem geti leiðbeint þeim í samskiptum þeirra við stjúpbörn sín. Undir þetta taka Weaver og Coleman (2005) og tala um skort á aðstoð fyrir stjúpmæður. Í grein sinni fjallar Hart (2009) um þær áskoranir sem stjúpmóðirin þarf að standa frammi fyrir. Í niðurstöðum er greint frá því að til þess að stjúpmóðir geti flokkast sem „góð stjúpmóðir“ verði hún að tileinka sér ákveðna þætti. Hún þarf að byggja sterk tengsl við stjúpbarnið og sýna því væntumþykju og virðingu. Á sama tíma þarf hún að sýna kynforeldrum barnsins virðingu og virða þau mörk sem kynforeldrarnir setja barninu (Hart, 2009).

Þegar stjúpmóðir kemur inn í nýja fjölskyldu er líklegt að hún þurfi að takast á við tilfinningaþrungnar aðstæður sem geta falið í sér gremju og áhyggjur stjúpbarnsins, hatur og samkeppni kynmóðurinnar og jafnvel kvíða sinna eigin barna sem eru hrædd um að missa hana. Það að einhver útiloki hana úr fjölskyldunni vísitandi getur einnig verið upplifun sem stjúpmóðir finnur fyrir og vill helst sleppa þar sem hún vill ekki vera kennd við „vöndu stjúpuna“ líkt og í ævintýrunum (Hart, 2009; Weaver og Coleman, 2005). Hún þarf að standa frammi fyrir þeim veruleika að reyna að elska barn einhvers annars og sætta sig við það að fara í hlutverk stjúpmóður, sem getur reynst erfitt. Jafnframt getur stjúpmóðir fundið fyrir samkeppni við stjúpdóttur þeirra um athygli föðurins. Þegar stjúpmóðir er hins vegar fær um að eiga í góðum samskiptum við stjúpbarn sitt getur samband þeirra á milli verið mjög árangursríkt. Það að stjúpmóðir eigi barn fyrir getur verið mikilvægur þáttur í hennar hlutverki sem stjúpmóðir. Þá reynslu sem hún hefur öðlast í uppeldi á barninu sínu getur hún yfirfært á stjúpbarnið sitt. Ef að stjúpmóðir á

hins vegar engin börn úr fyrra sambandi getur það valdið óöryggi þar sem hún hefur ekki mikla reynslu á uppeldishlutverkinu og veit þá síður hvað bíður hennar (Hart, 2009).

2.6 Fjölmiðlar og orðræðustjórnun

Líkt og fram kom hér að ofan sendu stjúpmæðurnar, sem til umfjöllunar eru í niðurstöðu- og umræðuköflum þessarar ritgerðar, reynslusögur inn á vinsæla vefmiðla. Fjölmiðlar hafa mikil áhrif á það í hvaða átt orðræða um tiltekið málefni fer. Fjölmiðlar á Íslandi hafa verið skilgreindir sem „stofnun eða fyrirtæki, lögaðili sem safnar, metur og setur reglulega fram upplýsingar í því skyni að dreifa þeim reglulega til umtalsverðs fjölda fólks á tilteknu svæði“ (Menntamálaráðuneytið, 2005). Sem dæmi um fjölmiðla má nefna útvarp, sjónvarp og dagblöð, en undir þessa skilgreiningu Menntamálaráðuneytisins falla einnig vefmiðlar. Fjölmiðlar leika afar mikilvægt upplýsingahlutverk í nútímasamfélögum og bera þá skyldu að segja satt og rétt frá þeim atburðum og málefnum sem eiga sér stað. Fjölmiðlun verður að auki að endurspegla og stuðla að menningarlegri fjölbreytni og því er mikilvægt að hún sé margbreytileg (Menntamálaráðuneytið, 2005).

Ljóst er að vald fjölmiðla er mikið og hafa þeir stundum verið nefndir fjórða valdið (Menntamálaráðuneytið, 2005). Er þá átt við að í raun gegni þeir eins veigamiklu hlutverki í samfélagi okkar og þættirnir þrír í skiptingu ríkisvalds, það er framkvæmdavald, löggjafavald og dómvald (Menntamálaráðuneytið, 2005). Þetta hlutverk birtist án þann hátt að fjölmiðlar ákveða hvað eigi heima og er pláss fyrir í sviðsljósinu hverju sinni (McQuail, 2010, bls. 82). Ritstjórar hvers fjölmiðils fyrir sig ákveða fréttamat hverju sinni og leggja oft meira upp úr því hversu mikla athygli fréttin gæti vakið heldur en raunverulegu fréttagildi hennar. Þannig draga þeir að sér athygli almennings og beina henni á ákveðna braut. Fjölmiðlar skapa þannig að miklu leyti orðræðu um málefni líðandi stundar og það sem fólk talar um, hvernig það talar um það og hverju það trúir. Þannig búa þeir til nokkurs konar eftirlíkingu af raunveruleikanum. Þeir birta upplýsingar sem henta þeim og hafa vald til að birta ekki þær upplýsingar sem henta þeim ekki. Fjölmiðlar eru tæki sem fólk nýtir til að mynda sér skoðun á ýmsum málefnum. Fólk treystir á fjölmiðla til að veita sér upplýsingar um samfélagið sem það býr í og því hafa fjölmiðlar mikil áhrif á hvernig orðræða þróast. Hafa ber í huga að fjölmiðlar geta misskilið þær fréttir sem þeir flytja eða jafnvel flutt þær viljandi rangar (Lin, Haridakis og Hanson, 2016; McQuail, 2010, bls 82-83).

Einnig má benda á að fjölmiðlar lúta eignarhaldi. Í Skýrslu nefndar menntamálaráðherra um íslenska fjölmiðla (Menntamálaráðuneytið, 2005) er fjallað um eignarhald þeirra. Þar kemur fram að mikil samþjöppun hafi orðið á eignarhaldi fjölmiðla á heimsvísu og fá en stór fyrirtæki séu nú í meiri mæli ráðandi á markaðnum. Slíkt sé

áhyggjuefni fyrir neytendur enda komist almenningur síður að í umræðunni. Krafa um arðsemi er einnig orðinn drifkraftur í rekstri fjölmiðla (Menntamálaráðuneytið, 2005). Í þessu samhengi má minnst á svokallaðar „clickbaits“ sem hafa orðið áberandi á netmiðlum á síðustu árum. Það eru fyrirsagnir fréttar á netmiðlum sem vekja forvitni og spurningar hjá lesendum með það að markmiði að fá þá til að smella á þær og skapa þannig tekjur fyrir miðilinn (Blom og Hansen, 2015). Slíkar fyrirsagnir hafa óformlega gengið undir nafninu smelludólgar hér á landi (sjá t.d. Björn Þorláksson, 2015). Með slíkum fréttum hagnast miðlarnir á því að hneyksla eða koma á óvart og gildir þá litlu hvert efni fréttarinnar raunverulega er, bara ef fyrirsögnin er nógu spennandi (Blom og Hansen, 2015). Umfjöllunarefni fjölmiðla verða því ekki til í tómarúmi og geta smekkur og skoðanir ritstjórnar og gróðavon haft áhrif á um hvað er fjallað og hvernig það er gert. Því má færa rök fyrir því að birtingarmyndir stjúp fjölskyldna í fjölmiðlum hafi áhrif á samfélagsleg viðhorf til þeirra. Reynslusögur sýna veruleika þeirra sem þær skrifa og því er ljóst að stjúp mæðurnar sem sendu inn pistla á þá vefmiðla sem fjallað er um í ritgerðinni setja fram þeirra ímynd um stjúp móðurhlutverkið.

3 Framkvæmd rannsóknar

Hér verður fjallað um framkvæmd rannsóknarinnar og nánar farið í þá aðferðafræði sem notuð var við gerð hennar. Greint verður frá vali á miðlum og viðfangsefni ásamt því að fjallað verður um þær aðferðir sem notaðar voru við greiningu á pistlunum. Höfundar túlkuðu niðurstöður með hliðsjón af íslenskum og erlendum rannsóknum sem fjallað var um í kafla 2.

3.1 Orðræðugreining

Í félagsvísindum, ásamt öðrum fræðigreinum, er skoðað hvernig einstaklingurinn tjáir sig og hvernig tungumál mótar einstaklinginn. Þá er leitast við að skilja manninn sem félagslega veru og beinist því áhuginn að samspili samfélaga og einstaklinga. Þeir sem nýta sér orðræðugreiningu til skilnings á félagslegum veruleika eiga það sameiginlegt að beina athyglinni að tjáningu og tungumálinu í rituðu eða töluðu máli þó áhugasvið og markmið séu fjölbreytt. Til að mynda hefur orðræðugreiningu verið beitt í ýmsum fræðigreinum til að varpa ljósi á þátt tungumálsins í að móta áhrif þess á möguleika ákveðinna hópa til að taka þátt í samfélaginu og hafa áhrif. Hér má nefna stjúptengslaggreiningu (Kristín Björnsdóttir, 2013, bls. 269). Orðræðugreining fæst við virkni málsins og val höfunda eða málnotenda á því hvernig þeir setja hugsun sína fram (Höskuldur Þráinsson, 2005, bls. 679; Þórunn Blöndal, 2005).

Breski málvísindamaðurinn Norman Fairclough (2010, bls. 3) er meðal þeirra sem hafa leitast við að tvinna saman félags- og málvísindi í rannsóknum á orðræðu en hann tengir saman af nákvæmni félagsfræðilega umfjöllun og málvísindalega textagreiningu. Hann einbeitir sér að því að skoða hvernig tiltekin orðræða, það er háttur við að ræða eða skrifa um fyrirbæri, birtist og hvernig hún mótast athafnir. Völd og valdatengsl eru lykilhugtök í greiningu Faircloughs sem telst einn af frumkvöðlum rannsóknarhefðar sem nefnist gagnrýnin orðræðugreining. Fjölmargir fræðimenn skilgreina sig innan þessarar hefðar og má til að mynda benda á yfirlitsgrein um rannsóknir í þessum anda innan menntavísinda (Rogers, Malancharuvil-Berkes, Mosley, Hiu og Joseph, 2005). Þeir höfundar sem stunda gagnrýna orðræðugreiningu mótast af ólíkum hefðum og nálgast viðfangsefnið sitt með mismunandi hætti, en athygli þeirra allra beinist að hlutverki tungumálsins í að móta valdastöðu. Í þessari ritgerð verður orðræðugreining nýtt til að skoða þann veruleika sem nokkrar stjúpmæður sem senda inn pistla á vefmiðla upplifa.

3.2 Um miðlana

Vefmiðillinn Bleikt.is var stofnaður í desember 2010 og vefmiðillinn Hún.is var stofnaður í september árið 2013 (Bleikt.is, e.d.-c.; Hún.is, e.d.-b). Bleikt.is er gefið út af Vefpressunni ehf., sem einnig gefur út fréttamiðlana Pressuna og Eyjuna (Bleikt.is, e.d.-a; Pressan, e.d.). Hlín Einarsdóttir (2010), fyrrverandi ritstýra Bleikt.is, lýsti umfjöllunarefni efni vefsíðunnar í pistli sem hún skrifaði eftir opunarathöfn síðunnar með þessum orðum: „Efnið er um allt milli himins og jarðar en er frekar bundið við afþreyingu, það sem fólki finnst skemmtilegt, veitir þeim huggun, afþreyingu, hugmyndir og gleði“ (Hlín Einarsdóttir, 2010). Umfjöllunarefni miðlanna er mjög fjölbreytt en þeir eiga það sameiginlegt að beinast að konum. Efni síðanna skiptist í flokka og til dæmis má nefna flokkana *gula froðan, fólkið, heilsan og Hún mælir með* (Hún.is, e.d.-a) og *aðsent, útlit, tíska, heimili og hönnun, kynlíf og sambönd og slúður* (Bleikt.is, e.d.-a). Miðlarnir eru báðir vinsælir afþreyingarvefir og vikuna 24.-30. apríl 2017 var Hún.is í 14. sæti yfir mest lesnu vefi landsins (Gallup, 2017). Ekki er hægt að nálgast tölur um lestur á Bleikt.is þar sem hann fellur undir lestur Pressunnar, en Pressan var í 5. sæti þessa sömu viku og þannig ljóst að miðlar Vefpressunnar eru mikið lesnir (Gallup, 2017). Miðlarnir bjóða báðir upp á að senda inn reynslusögur og urðu þeir fyrst og fremst fyrir valinu fyrir þessa ritgerð af þeim sökum.

3.3 Um stjúpmaðurnar

Teknar voru fyrir níu aðsendar greinar af vefmiðlunum Bleikt.is og Hún.is þar sem stjúpmaður greindu frá sinni reynslu af stjúpforeldrahlutverkinu. Nánar tiltekið voru fimm greinar teknar af miðlinum Bleikt.is og fjórar af Hún.is. Þess ber að geta að tvær greinanna voru upphaflega skrifaðar á aðra miðla en Bleikt.is birti á sinni síðu, lítilla breyttum, með tilvísun í hvar greinarnar birtust fyrst. Átta stjúpmaður greindu sjálfar frá sinni eigin reynslu, þar af sjö sem ekki voru nefndar á nafn og því ekki hægt að rekja persónulegar upplýsingar um þær stjúpmaður. Þess í stað sáu starfsmenn vefmiðlana um að birta greinarnar nafnlausar. Ein stjúpmaðirin, Erna Kristín, kom undir sínu rétta nafni þar sem starfsmaður Bleikt.is fékk leyfi frá henni til að skrifa grein um frásögn sem Erna Kristín sendi sjálf inn á bloggsíðuna Króm. Að lokum ber að nefna grein Heiðu Óskar, sem er penni á Bleikt.is, þar sem hún segir frá reynslu sinni á samskiptum sínum við fyrrverandi stjúpmaður barnanna hennar, Glódísi. Allar stjúpmaðurnar hófu sína seinni sambúð með karlmanni.

Ákveðið var að búa til dulnefni á þær stjúpmæður sem ekki komu fram undir nafni til að hafa niðurstöðurnar auðlesanlegri. Þrjár af fimm greinum voru nafnlausar á vefmiðlinum Bleikt.is. Hinar tvær voru annars vegar greinin um Ernu Kristínu og hins vegar frásögn Heiðu Óskar um stjúpmóðurina Glódísi. Fengu þessar þrjár stjúpmæður nöfnin Lóa, Hjördís og Ísabella. Allar stjúpmæðurnar sem greindar voru á vefmiðlinum Hún.is voru nafnlausar og því fengu þær nöfnin Freyja, Iðunn, Þórhildur og Sigurbjörg.

Tafla 1. Stjúpmæðurnar sem skrifuðu pistla á Bleikt.is og Hún.is.

Stjúpmæður	Vefmiðill greinar	Fjöldi kynbarna	Fjöldi stjúpbarna
Lóa	Bleikt.is	Engin	Eitt (kyn ekki tilgreint)
Hjördís	Bleikt.is	Einn strákur	Ein stelpa (í fyrra sambandi) Einn strákur (í seinna sambandi)
Ísabella	Bleikt.is	Engin	Einn strákur
Erna Kristín	Bleikt.is	Engin	Ein stelpa
Glódís	Bleikt.is	Engin	Þrjú (kyn ekki tilgreint)
Freyja	Hún.is	Ekki vitað	Ekki vitað
Iðunn	Hún.is	Einn strákur	Tvær stelpur
Þórhildur	Hún.is	Ein stelpa	Tvö (kyn ekki tilgreint)
Sigurbjörg	Hún.is	Einn strákur	Tveir strákar

Tafla 1 sýnir stjúpmæðurnar sem teknar voru fyrir í þessari rannsókn. Vert er að taka fram að taflan sýnir fjölda kynbarna stjúpmæðranna þegar til stjúpfjölskyldunnar var stofnað.

Eins og sjá má áttu Lóa, Ísabella, Erna Kristín og Glódís engin kynbörn áður en þær hófu sambúð með mökunum sínum. Þær Ísabella og Erna Kristín áttu það sameiginlegt að vera ungar stjúpmæður þar sem þær voru 19 og 18 ára gamlar þegar þær tóku saman við maka sína. Ísabella átti einn stjúpson sem var mjög ungur þegar hún og maðurinn hennar tóku saman. Hvorki Ísabella né Lóa tilgreina í pistlum sínum hvort þær hafi eignast barn með mökum sínum. Sömuleiðis átti Erna Kristín eitt stjúpbarn, dóttur, og seinna meir eignuðust hún og maðurinn hennar son saman. Þegar Glódís hóf sambúð með manningnum sínum, barnsföður Heiðu Óskar, varð hún stjúpmóðir þriggja barna, en kyn var ekki tilgreint. Þau eignuðust svo einn son saman.

Hjördís, Iðunn, Þórhildur og Sigurbjörg eiga það sameiginlegt að hafa átt barn áður en þær urðu stjúpmæður. Hjördís og Sigurbjörg áttu báðar son fyrir en sú síðarnefnda eignaðist tvo stjúpsyni þegar hún tók saman við manninn sinn. Hjördís átti stjúpdóttur í fyrra hjónabandi sínu. Hún skildi við mann sinn og tók saman við annan mann og eignaðist þar með stjúpson. Bæði stjúpbörn hennar voru á unglingsaldri. Iðunn átti fyrir einn son áður en hún varð stjúpmóðir. Hún eignaðist tvær stálpaðar stjúpdætur þegar hún hóf sambúð með manningnum sínum. Saman eignuðust þau einn son. Líkt og Iðunn eignaðist

Þórhildur tvö stjúpbörn en hún tilgreindi ekki kyn stjúpbarna sinna í pistlinum. Þegar samband Þórhildar og mannsins hennar hófst átti hún fyrir eina dóttur. Ekki fengust ítarlegar upplýsingar um Freyju í hennar grein. Hún tók ekki fram hversu mörg stjúpbörn hún ætti eða hvort hún ætti nokkur börn fyrir.

3.4 Aðferðafræði rannsókna

Eins og fram hefur komið geta fjölmiðlar haft áhrif á orðræðu hverju sinni og stjórna að miklu leyti því sem er talað um og hvernig er talað um það. Höfundum þessarar ritgerðar þótti fróðlegt að skoða hver orðræðan um stjúpfjölskyldur og stjúpfjölskyldumyndun væri á vefjum sem þessum. Konur sem lesa miðlana gætu fengið hugmyndir um hvernig það er að vera stjúpmóðir eða stofna til stjúpfjölskyldna í gegnum lífsreynslusögur sem sendar eru inn á miðlana. Í upphafi ætluðu höfundar einungis að nota pistla af Bleikt.is. Eftir að leitað hafði verið á þeim vef, með þeirri leitaráferð sem útskýrð verður hér neðar, þóttu þeir fimm pistlar þar voru ekki innihalda nægilegt efni fyrir þessa ritgerð. Því var ákveðið að bæta við öðrum svipuðum miðli, Hún.is, og beita sömu leitaráferðum þar.

Nokkur leitarorð voru slegin inn í leitarvél heimasíðanna til að finna greinar sem hentuðu rannsóknarefni ritgerðarinnar, það er upplifun af stjúpfjölskyldumyndun. Orðunum *stjúpmóðir*, *stjúpmamma*, *stjúpfjölskylda*, *stjúpfaðir*, *stjúppabbi*, *stjúp* og *stjúptengsl* var flett upp með þessum hætti. Eins var leitað á leitarvélinni Google og leitarlyklinum *site*: bætt við og nafni miðlanna fyrir aftan, svo vélin vissi að hún ætti að leita ýmist á Bleikt.is eða Hún.is. Allir pistlarnir sem fundust og voru reynslusögur af stjúpfjölskyldumyndunum reyndust skrifaðir af konum. Flestar skrifuðu þær um reynslu sína af stjúpmóðurhlutverkinu.

Allir pistlarnir eru reynslusögur stjúpmæðra utan eins. Sá pistill, sem raunar var kveikjan að áhuga höfunda á að rannsaka slíkar sögur, er annars eðlis. Hann ber nafnið *Glódísarhelgar: Börnin mín eiga fastar mömmuhelgar hjá annarri konu* og er skrifaður af konu sem er fastur penni á Bleikt.is (Bleikt, e.d.-b). Konan, sem heitir Heiða Ósk, er frábrugðin hinum pistlahöfundunum að því leyti að hún er ekki stjúpmóðir heldur kynmóðir. Börnin hennar fara í umgengnishelgar til fyrrum stjúpmóður sinnar, Glódísar, en Glódís átti á tímabili í ástarsambandi við barnsföður Heiðu Óskar. Á þann hátt varð Glódís stjúpmóðir barnanna en þegar samvistum hennar og barnsföðursins lauk gat hún ekki hugsað sér að missa sambandið við börnin hans. Þær Heiða Ósk tóku þá ákvörðun að Glódís héldi áfram að fá börnin til sín eina helgi í mánuði. Þó að pistillinn sé ekki frásögn stjúpmóður þótti hann engu að síður gefa góða mynd af því hversu fjölbreytt stjúptengsl geta verið og hvernig þeim getur verið háttað. Því var ákveðið að nýta pistilinn í ritgerðinni þrátt fyrir að hann væri annars eðlis en hinir pistlarnir. Engu að síður verður

notast við hugtakið *stjúpmaður* í niðurstöðukaflanum yfir allar konurnar og er það gert til að einfalda útskýringar, auk þess sem Heiða Ósk skrifar um líðan Glódísar í ferlinu.

3.5 Greining gagna

Pistlarnir voru greindir með aðferð aðleiðslu. Braun og Clarke (2006) segja aðleiðslu vera ferli þar sem rannsakandi greinir eða lykklar rannsóknargögnin án þess að hafa í huga fyrirfram ákveðna ramma til að flokka gögnin í. Greiningin er því drifin áfram af gögnunum sjálfum, ekki hugmyndum eða áhugasviði rannsakenda. Höfundar voru ekki með fyrirfram mótaðar hugmyndir um þau þemu sem þeir vildu greina í pistlunum. Þess í stað voru pistlarnir lesnir með það í huga að leita að þemum sem pistlarnir áttu sameiginlega, það er að efnið bauð upp á þemun sem höfundarnir greindu svo. Þó ber að geta þess að gögnin voru, eins og áður kemur fram, valin með það í huga að skoða reynslu fólks af stjúpfiðlskyldumyndun. Höfundar höfðu því ákveðnar hugmyndir um hvað þeir vildu skoða í gögnunum, en það voru þó gögnin sem leiddu þá til þess að rannsaka upplifun stjúpmaðra, enda voru einu reynslusögurnar á miðlunum skrifaðar af stjúpmaðrum.

Greiningin fór þannig fram að höfundar lásu pistlana í sitthvoru lagi og reyndu að finna þemu sem þeim fannst koma fyrir í flestum eða öllum pistlunum. Næst voru þemun borin saman og höfundar sammæltust um þau þemu sem eru tekin fyrir í niðurstöðukafla ritgerðarinnar. Þá voru pistlarnir lesnir aftur með þemun í huga. Að lokum var efnið greint með tilliti til orðræðugreiningar og höfundar skoðuðu þá orðræðu um stjúpfiðlskyldur og stjúpmaður sem birtust í skrifunum.

4 Niðurstöður

Hér verður farið yfir niðurstöður úr greinunum níu. Eftir ítarlega greiningu á pistlunum komu í ljós tvö yfirþema og sex undirþema (sjá Töflu 2). Fyrsta yfirþemað er „Ég trúi því að þetta sé allt spurning um þolinmæði“ þar sem hlutverki og reynslu stjúpmæðranna er lýst. Því næst er undirþemað *Væntingar* þar sem stjúpmæður lýsa þeim væntingum sem þær höfðu til stjúpmóðurhlutverksins. Annað undirþema er „Þá byrjaði ballið“ þar sem erfiðleikar stjúpmæðranna koma í ljós og í því þriðja sem heitir *Velgengni* er greint frá jákvæðri reynslu stjúpmæðranna. Annað yfirþemað ber nafnið „Þú ert ekki þriðja hjólið“ þar sem samskipti stjúpmæðra við aðra fjölskyldumeðlimi eru skoðuð. Fyrsta undirþemað er *Samskipti við stjúpbarn* þar sem samskipti stjúpmóður og stjúpbarns er tekið fyrir, því næst er *Samskipti við maka* þar sem rýnt verður í samskipti stjúpmóðurrinnar og makans og að lokum er *Samskipti við kynmóður* þar sem samskipti stjúp- og kynmóður eru skoðuð. Niðurstöður sýna að upplifun mæðranna á stjúpforeldrahlutverkinu er misjöfn og samskipti geta verið krefjandi.

Tafla 2. Yfir- og undirþema kaflans.

Yfirþema	„Ég trúi því að þetta sé allt spurning um þolinmæði“	„Þú ert ekki þriðja hjólið“
Fyrsta undirþema	Væntingar	Samskipti við stjúpbarn
Annað undirþema	„Þá byrjaði ballið“	Samskipti við maka
Þriðja undirþema	Velgengni	Samskipti við kynmóður

Tafla 2 sýnir þau tvö yfirþema og þrjú undirþema sem niðurstöðukaflinn skiptist í.

4.1 „Ég trúi því að þetta sé allt spurning um þolinmæði“

Í þessum kafla verða pistlarnir skoðaðir með tilliti til upplifunar stjúpmæðranna á aðstæðum sínum. Kaflinn skiptist í þrjú undirþema. Stjúpmæðurnar hófu flestar stjupsambandið með einhverjar væntingar um hvernig það yrði. Sumar væntingarnar rættust á meðan aðrar urðu öðruvísi en stjúpmæðurnar höfðu hugsað sér og birtust þar af leiðandi í ákveðnum erfiðleikum. Í lok kaflans verður skoðað hvaða jákvæðu upplifanir þær áttu í stjúpmóðurhlutverkinu.

4.1.1 Væntingar

Stjúpmæðurnar í greinunum voru ekki allar á einu máli það um hvernig þær upplifðu hlutverk sín sem stjúpmæður og greinilegt var að þær fóru inn í hlutverkið með mismunandi hugarfar og með misjafnar væntingar til þessarar nýju fjölskyldu sem þær voru í þann mund að stofna. Þrjár lýsa þeim vonum að myndun nýrrar fjölskyldu myndi ganga átakalaust fyrir sig. Freyja (Hún.is, 2016) segir að margar stjúpmæður í kringum

hana, og skilja má sem svo að hún telji sjálfa sig tilheyra þeim hópi, hafi gengið í stjúpmóðurhlutverkið með það fyrir augum að verða „heimsins bestu stjúpur“ og þær hafi haldið að stjúpmóðurhlutverkið hlyti að líkjast móðurhlutverkinu, sem þær hefðu þó ekki endilega reynslu af. Þær þróa að stofna hina fullkomnu stjúpfjölskyldu með manneskjunni sem þær elska. Sambærilega ósk má finna í máli annarrar stjúpmóður, Hjördísar, en hún segir að þegar hún tók upp samband við fyrri manninn sinn hafi hún látið sig dreyma um að þau, dóttir hans og sonur hennar yrðu fullkomin vísitölufjölskylda. Löngun hennar í góð mæðgnatengsl við stjúpdóttur sína voru einnig mikil:

Ég sá fyrir mér löng samtöl á milli mín og stjúpdóttur minnar þar sem við myndum ræða saman um stráka, tísku og annað er tilheyrir sambandi mæðgna. Ég sá samband okkar þróast þannig að ég yrði henni líkt og önnur móðir sem hún myndi leita til til að fá ráðleggingar og stuðning. (Bleikt.is, 2015)

Greina má ákveðna ósk eftir hefðbundnu kjarnafjölskyldumynstri innan stjúpfjölskyldunnar í skrifum stjúpmæðranna. Löngunin til þess að fjölskyldulífið sé „fullkomið“ er sterk, og kjarnafjölskyldan er viðmiðið sem gengið er út frá og reynt að líkja eftir. Draumsýnin um hvernig pabbi, mamma og börnin lifa í sátt og samlyndi inni á heimili og sambönd fjölskyldumeðlima byggi á trausti og ást virðist ljóslifandi fyrir augum þeirra.

Þórhildur segist óska þess að geta sagt að stjúpfjölskyldumyndunin hefði gengið eins og í sögu og má skilja það sem svo að hún hafi haft væntingar til að þess að svo yrði. Tvær aðrar stjúpmæður lýsa einnig væntingum sínum til hlutverksins, en Lóa segir að hún hafi ekki vitað út í hvað hún var að fara. Á þeim texta sem eftir kemur í pistlinum hennar má sjá að hún meinar að hún hafi talið það auðveldara en raun bar vitni. Ísabella (Bleikt.is, 2016a) byrjaði að vera með maka sínum á þeim forsendum að hann væri helgarpabbi og fannst henni lítið mál að vera einungis með barnið aðra hverja helgi en hún segir: „Fyrir mig, 19 ára stelpu, var það lítið mál, því jú, hann var einungis helgarpabbi.“ Faðirinn og kynmóðirin sáu um að taka allar ákvarðanir varðandi barnið, eða eins og Ísabella (Bleikt.is, 2016a) orðar það: „Það eina sem ég þurfti að gera var að fá drenginn til að líka við mig . . . Hann kom aðra hvora helgi og reyndum við allt sem við gátum til þess að gera þessar pabba helgar skemmtilegar.“ Væntingar hennar gagnvart því að vera stjúpmóðir voru á þá leið að það væri hennar hlutverk að halda uppi skemmtidagskrá þær helgar sem barnið væri hjá henni, en þess á milli hafði hún ekki miklar áhyggjur.

Ljóst er að væntingar stjúpmæðranna til hlutverks síns voru ekki eins hjá öllum en þó má sjá að fjórar af þeim fimm sem ræddu um það í pistlum sínum höfðu skýrar vonir um

að þær myndu standa sig vel í hlutverkinu. Væntingar til þess að tengjast stjúpbarninu og eiga fullkomið fjölskyldulíf sambærilegt við það sem þær sjá fyrir sér að kjarnafjölskyldur eigi voru miklar hjá sumum. Ekki er ljóst hvernig Lóa, sú sem sagðist ekki vita út í hvað hún var að fara, sá fyrir sér að stjúpmóðurhlutverkið yrði, en þó er skýrt að það reyndist ekki vera það sem hún hélt það yrði.

4.1.2 „Þá byrjaði ballið“

Þrátt fyrir þær vonir margra stjúpmæðranna að stjúpfjölskyldulífið yrði hnökralaust og stjúptengsli sambærileg við tengsl kynforeldra við börn sín voru þær allar sammála um að það væri ekki raunin, að minnsta kosti ekki öllum stundum. Þó er skýrt að þeim finnst hlutskipti sitt miserfitt, en ljóst er að draumar sumra fóru á annan veg en þær vonuðust til. Að auki má greina merki um einhvers konar erfiðleika hjá öllum stjúpmæðrunum. Erfiðleikarnir eru af ýmsum toga og mismiklir, en sýna fram á að það að vera stjúpmóðir er ekki alltaf auðvelt.

Þrýstingur á að standa sig í hlutverkinu, frá samfélaginu, maka, kynmóður og þeim sjálfum er mikill og gerir stjúpmæðrunum erfiðara fyrir. Freyja segir að margar stjúpmæður hafi gengið í hlutverk sitt með það fyrir augum að verða fullkomnar stjúpmæður og telur að þær hafi orðið fyrir vonbrigðum. Þær hafi sett gríðarlegar kröfur á sig enda séu þær hræddar við að verða stimplaðar sem „vondar stjúpur“. Af þeim sökum hafi þær lagt sig fram við að verða eins góðar stjúpur og þær mögulega gætu og skapa það fullkomna fjölskyldulíf sem rætt var hér að ofan. Það hafi þó, „Þegar rósrauðu skýjunum fer að fækkandi og hverdagsleikinn tekur við“ (Hún.is, 2016) orðið ljóst að slíkt var ógerlegt. Þegar hveitibrauðsdagar sambandsins voru liðnir og hlutverk stjúpmóðurinnar orðið hversdagslegt hafi kröfurnar sem þær settu á sjálfar sig af ótta við stimplun, orðið of miklar.

Freyja segir frá því að aðrir foreldrar komist upp með að gera mistök og það ætti að eiga við um stjúpmæður einnig. Ísabella skrifar um að hún hafi orðið fyrir ákveðnum fordómum í hlutverki sínu. Bæði sé það vegna þess að hún er stjúpmóðir og eins hversu ung Ísabella (Bleikt.is, 2016a) var: „Ég finn að fólk dæmir okkur vegna aldurs okkar Fólk býst við því að við séum lélegir foreldrar, sérstaklega ég, þar sem ég er ekki „alvöru foreldri“ eins og sumir vilja orða það.“ Freyja tekur undir þá hugsun og segir að geri stjúpforeldrar mistök sé litið á það alvarlegri augum en ef kynforeldri gerir mistök. Þær taka hvorugar fram nákvæmlega hvernig þessir fordómar birtast en Ísabella (Bleikt.is, 2016a) segir: „Ég sé alveg hvernig aðrir foreldrar horfa á okkur þegar við mætum á skólaviðburði.“ Hjördís, sem lét sig dreyma um fullkomið stjúp samband, segist einnig hafa orðið fyrir vonbrigðum þegar stjúp sambandið varð að veruleika. Hún hafi átt erfitt með að

tengjast stjúpdóttur sinni og það hafi reynst henni erfitt. Þegar hjónabandi hennar við manninn lauk hafi það slæma samband tekið meira á hana en sjálfur skilnaðurinn. Þær Þórhildur, Sigurbjörg og Hjördís ræða að erfiðlega gangi að mynda heild úr brotum annarra fjölskyldna. Að samræma gildi margra mismunandi einstaklinga sé meira en að segja það, jafnvel þrátt fyrir að allir séu staðráðnir í að láta það ganga upp. Greinilegt er að þær upplifa árekstra og að erfitt sé að skapa heimili þar sem allir fá að njóta sín á sínum forsendum.

Eins og áður kom fram ræddi Ísabella það að hún hefði haldið að stjúpmóðurhlutverkið yrði auðvelt vegna þess að hún þyrfti bara að umgangast barnið, en sagði frá því að það hefði ekki verið raunin. Hún kunni ekki að umgangast börn og ábyrgðina sem fylgir því að verða móðir þekkti hún ekki. Auk þess fann hún ekki fyrir sömu ást til barnsins og kærastinn hennar. Það hefði verið Ísabellu (Bleikt.is, 2016a) mjög erfitt: „. . . ástin var bara ekki það sterk, og hryllir mér við það að skrifa þessi orð niður á blað.“ Iðunn talar einnig um ástina til stjúpbarnanna, en í því samhengi að það hafi komið henni á óvart að hún hefði ekki farið að elska stjúpbörnin sín eins og sín eigin börn. Sú þriðja, Lóa, segir frá því að hún megi elska barnið þegar það er hjá henni en að öðru leyti hafi hún ekkert að segja um líf þess þar sem hún sé einungis stjúpmóðir:

Sem stjúpmamma máttu elska barnið og hugsa um það þegar það er hjá þér. En þegar kemur að einhverjum ákvörðunum ræður þú engu, heldur kynforeldrið. Ef eitthvað á að gera fyrir barnið, eða eitthvað kemur upp á, þá er þér sem stjúpmömmu ýtt til hliðar og þér jafnvel sagt „Þú ræður engu“ eða „Þú ræður ekki yfir þessum einstakling.“ (Bleikt.is, 2016b)

Tilfinningar hennar til stjúpbarnsins koma ekki beint fram í textanum sem hún skrifar, en hún virðist upplifa að það sé skylda hennar að elska og sjá um barnið þegar það er hjá henni. Bendir þetta til þess að henni finnist erfð sú krafa að hún gangi barninu í móðurstað þegar það er hjá henni en þess á milli þurfi hún að slökkva á þeim tilfinningum. Hvort hún elskar barnið eða ekki kemur ekki fram, en ljóst er að hún upplifir allavega kröfu um það. Erna Kristín (Sylvía Rut Sigfúsdóttir, 2016) talar á svipuðum nótum í sínum pistli og segir að erfitt sé „að elska einhvern svona mikið en hafa engin völd yfir einstaklingnum“.

Heiða Ósk talar um að Glódís hafi farið að koma fram við börn hennar eins og hún væri móðir þeirra og segir það hafa verið jákvætt. Þó talar hún um að sambandið milli þeirra tveggja hafi ekki verið gott frá byrjun og verið gæti að það hafi upphaflega valdið

henni áhyggjum eða óþægindum hversu nánu sambandi Glódís náði við börnin hennar. Sigurbjörg og Þórhildur greina frá því að lífið þeirra í nýja sambandinu hafi verið auðvelt fram að því að börnin fóru að hafa mikla viðveru á heimilinu, eða eins og Sigurbjörg (Hún.is, 2015a) þeirra orðar það: „Við vorum að hittast í laumi fyrir strákunum til að byrja með . . . Svo eftir rúmlega ár fluttum við saman í flotta íbúð í Vesturbænum. Þá byrjaði ballið.“ Síðar í pistlinum segist hún hafa fundið fyrir kvíða fyrir þeim vikum sem öll börnin voru inni á heimilinu sökum þess hversu rafmagnað andrúmsloftið var. „Ljótt að segja það“ skrifar hún, sem skilja má á þann veg að hún hafi samviskubit yfir að leyfa sér að upplifa létti við það að hafa ekki börnin.

Ísabella segir að þegar barnið fór úr því að koma einungis til þeirra um helgar í að vera hjá þeim alla daga hafi hún rekist á það að hversdagslífið sé flóknara en sú skemmtidagskrá sem hún hafði fram til þessa haldið uppi fyrir barnið. Hún átti í erfiðleikum með að staðsetja hlutverk sitt í lífi barnsins og fannst ábyrgðin sem fylgdi því að verða allt í einu stjúpmóðir í fullu starfi mikil. Sjá má að henni fannst hún ekki undirbúin undir allt sem því fylgir að hafa barn á heimilinu. Hún segir að enginn hafi kennt henni það og spyr hvort hún hefði kannski bara sjálfkrafa átt að vita það. Stjúpmæðurnar upplifa margar óöryggi um stöðu sína og hlutverk gagnvart stjúpbörnunum. Tilfinningar stjúpmæðranna til barnanna eru óljósar og sumar upplifa samviskubit yfir að finna ekki sömu ást til barnanna og kynforeldrar þeirra gera. Þeim fannst lífið erfiðara eftir að börnin fluttu á heimilið en finna á sama tíma fyrir samviskubiti yfir að leyfa sér að hugsa það.

Eins og sjá má í kaflanum um velgengni hér að neðan fundu margar stjúpmæðranna lausnir á vandamálum sínum. Það virðist þó ekki eiga við um tvær þeirra. Þær voru enn ráðvilltar þegar þær sendu inn pistlana, eins og sjá má á tveimur dæmum úr sitthvorri greininni. Ísabella segir:

Er ég kannski bara aumingi? Er ég kannski bara sjálfselek? Er ég hræðileg manneskja að vilja eiga smá tíma til þess að vera ein með sjálfri mér heima hjá mér eða fá smá frí frá þessari ábyrgð? Er ég kannski bara ekki efni í móður?
(Bleikt.is, 2016a)

Lóa (Bleikt.is, 2016b) tekur undir: „Ég hljóma kannski eins og bitur gömul kona en svona voru og eru hlutirnir – og ég er orðin svo þreytt á þessu.“ Þessar tvær stjúpmæður eiga það sameiginlegt að vera orðnar þreyttar á aðstæðum sínum og örvæntingarfullar um að þær muni ekki lagast. Einnig virðist sem þær hafi samviskubit yfir að líða þannig. Það er ekki vitað hvað gerðist eftir að þær stjúpmæður skrifuðu greinar sínar. Það má velta upp

þeirri hugsun hvort þessir erfiðleikar hafi verið þeim um megn eða hvort þeim hafi tekist að þrauka og jafnvel laga vandamálin.

Í þessum kafla má sjá að hlutverk stjúpmæðra er ekki alltaf auðvelt og mæta þær ýmsum hindrunum. Þrýstingur frá samfélaginu að standa sig er mikill og erfiðlega getur reynst að púsla saman tveimur fjölskyldum og mynda úr þeim eina heild. Tilfinningar þeirra til barnanna eru oft ruglingslegar og þær upplifa samviskubit að leyfa sér að efast um ást sína til þeirra. Þó er ljóst að hlutverkið er ekki einungis neikvætt, en í næsta kafla verður farið yfir þá jákvæðu þætti sem stjúpmæðurnar upplifðu.

4.1.3 Velgengni

Þrátt fyrir erfiðleikana sem margar stjúpmæðurnar mættu var reynsla þeirra ekki einungis neikvæð. Góð samvera við stjúpbörnin, þroski og vinátta voru dæmi um það sem stjúpmæðurnar töldu sig hafa grætt á reynslu sinni. Velferð barnanna var í fyrirrúmi hjá öllum konunum og þær hafa hagsmuni þeirra að leiðarljósi í skrifum sínum. Margar eru þó sammála um að það hafi verið þess virði að stofna til stjúpfjölskyldna. Freyju (Hún.is, 2016) finnst hún geta verið ófullkomin og dásamleg á sama tíma, en hún segir: „Þó eitthvað komi uppá, má alltaf læra eitthvað af því og kannski þroskast um leið. Krafa um fullkomnun gefur lítið pláss fyrir sálarró, lærdóm og þroska.“ Með þessu á hún við að þrátt fyrir að stjúpmæður geri stundum mistök eins og aðrir þýðir það ekki að þær ættu að vera stimplaðar „vondar stjúpur“.

Áhugavert er að skoða að þrjár stjúpmæður töluðu um það í pistlum sínum að hafa farið í ráðgjöf hjá fagaðila og eftir það hafi samskiptin batnað. Þórhildur (Hún.is, 2015b) segir: „Heimilislífið er enn flókið, stundum er ég alveg búin á því og við það að gefast upp, en ég finn að þetta er allt að þokast í rétta átt.“ Þannig viðurkennir hún að þó lífið sé stundum strembið séu bjartari tímar framundan. Hún bætir við: „Ég trúí því að þetta sé allt spurning um þolinmæði, hún virðist vera lykillinn að öllu saman“ (Hún.is, 2015b). Sigurbjörg segir að eftir að hún og maðurinn hennar fóru í ráðgjöf séu bæði parið og börnin þeirra mjög hamingjusöm. Hún segir einnig að ef fólk elskar hvort annað sé hægt að púsla saman tveimur fjölskyldum. Sigurbjörg (Hún.is, 2015a) segir að það sé vissulega erfitt en þegar það gangi upp „munuð [þið] uppskera stórkostlega“. Hjördís tekur undir þessi orð og segir ráðgjafann hafa komið henni mikið að gagni. Það er ljóst að hjálp frá fagaðilum hefur komið þessum fjölskyldum vel.

Þakklæti var stjúpmæðrunum ofarlega í huga þegar rýnt var það jákvæða við stjúpfjölskyldulífið. Erna Kristín segist vera þakklát fyrir gott vinkonusamband sitt við stjúpdóttur sína. Þakklæti fyrir aðstoð fagaðila og ást frá maka og börnum má líkja skynja hjá öðrum, til dæmis hjá Freyju sem segist hafa lært margt og þroskast frá því hún

eignaðist stjúpbarn. Heiða Ósk segist einnig vera þakklát fyrir þá vinkonu sem hún hefur eignast í Glódísi og það að börnin hennar eigi tvær konur að, sem hugsa fyrst og fremst um velferð þeirra. Hún segist einnig þakklát fyrir það að börnin hafi tækifæri til að umgangast hálfbróður sinn og þekja hann, enda sé það þeirra hagar. Sjá má að reynsla Heiðu Óskar af stjúptengslum er jákvæð og sé tekið mið af því sem Glódís hefur skrifað um sína reynslu tekur hún undir það.

Þótt stjúpfjölskyldur séu mjög flóknar þá eru það börnin sem skipta höfuðmáli. Erna Kristín telur hlutverk stjúpfóreltra sérstakt. Það tók hana tíma að átta sig á hvert hlutverk hennar væri sem stjúpmóðir en segir hún það vera að: „Vera alltaf til staðar.“ Þá má sjá að þrátt fyrir að stjúpmæðurnar séu flestar sammála um að líf þeirra og hlutskipti sé á stundum erfitt geti það einnig verið jákvætt og þær hafi lært margt á þessari lífsreynslu.

4.2 „Þú ert ekki þriðja hjólið“

Í öllum pistlunum voru samskiptamynstur áberandi. Á hvaða hátt stjúpmæður upplifðu samskipti sín við aðra virtist hafa mikið að segja um hvernig þeim leið í fjölskyldunni. Þau þemu sem birtust aftur og aftur voru samskipti við stjúpbarnið, samskipti við maka og samskipti við kynmóður.

4.2.1 Samskipti við stjúpbarn

Átta stjúpmæður af níu komu inn á samskipti sín við stjúpbörnin í pistlunum. Allar lögðu þær mikið upp úr því að tengsl við stjúpbörnin séu góð en ekki eru þær allar svo lánsamar að eiga í góðum samskiptum við þau. Þær eru meðvitaðar um þau nánu tengsl sem þurfa að vera til staðar við myndun stjúpfjölskyldna, enda nauðsynlegt að búa til tengsl vilji fólk skapa gott fjölskyldulíf.

Erna Kristín er eina stjúpmóðirin sem greinir frá því að frá upphafi hafi hún alltaf átt góð samskipti við stjúpdóttur sína. Hún lýsir þessum vinkonutengslum þeirra á milli sem fallegu og sérstöku sambandi sem ekki endilega er hægt eiga við sitt eigið barn. Hún vill þó benda á að þessi sterku tengsl eru alls ekki gefins og því finnst Ernu Kristínu hún vera mjög lánsöm stjúpmóðir. Eins og Heiða Ósk greinir frá í sínum pistli er Glódís nokkuð samtaka Ernu Kristínu í hlutverki sínu sem stjúpmóðir þar sem hún tekur þátt í lífi stjúpbarna sinna og gerir allt sem mömmur gera. Glódís gleðst með þeim, huggar þau, mætir á sýningar og skemmtanir, klæðir þau og baðar, ferðast með þeim og fræðir þau um lífið. Eins og sjá má líður henni vel í návist stjúpbarna sinna, og öfugt, þar sem hún getur sinnt þessum mikilvægu hlutverkum án þess að lenda upp á kant við þau.

Þrjár stjúpmaður greina frá því að tengslamyndun þeirra við stjúpbörn sín hafi ekki gengið nógu vel. Sú fyrsta, Sigurbjörg (Hún.is, 2015a), segir að hún sé álitin „tuðarinn“ á heimilinu þar sem hún þurfti að taka að sér það verkefni að setja stjúpbörnunum reglur og finnst henni það hvorki skemmtilegt né ásættanlegt. Henni fannst of mikið á sig lagt þar sem heimilið var eins og vígvöllur og þurfti hún að sjá um að ganga frá eftir alla fjölskyldumeðlimi. Að auki vill hún ekki að stjúpbörnin séu þeirrar skoðunar að hún festist í því hlutverki gagnvart stjúpbörnum sínum. Hún er hrædd um að þau haldi að hún geti ekki umborið þau og vilji með einhverju móti koma þeim fyrir kattarnef, líkt og í gömlu ævintýrunum.

Þórhildur (Hún.is, 2015b) lýsir því að þegar hún tók við hlutverki stjúpmodur hafi stjúpbörnin hennar gargað á hana: „[Þú ert ekki mamma mín“ þegar hún var reyna siða þau til. Það er gott dæmi um að börnin taka stjúpmodurina ekki í sátt. Þau líta frekar á hana sem harðstjóra sem reynir stjórna þeim en móður sem vill þeim vel. Þeim finnst hún ekki hafa rétt á því að siða þau til þar sem hún hefur ekkert um uppeldi þeirra að segja, annað en kynmóðir þeirra.

Hjördís (Bleikt.is, 2015) segir að hún hafi ekki átt í góðum samskipti við fyrrum stjúp dóttur sína, en hún segir: „Hún [þ.e. stjúp dóttirin] leit á mig sem ógn, var reið og gerði allt sem í hennar valdi stóð til að ná athygli föður síns með því að haga sér illa.“ Eftir að hún skildi við föður hennar þótti henni erfiðara að takast á við samband sitt og stjúp dótturinnar heldur en sjálfan skilnaðinn. Nokkrum árum seinna kynntist hún núverandi eiginmanni sínum sem átti son úr fyrra hjónabandi. Til að samband hennar og stjúpsonarins yrði sem farsælast ákvað hún að fara til ráðgjafa til að fá úrræði við því hvernig best ætti að haga hlutunum. Fyrst um sinn þegar hún var að kynnst stjúp syninum passaði hún sig á því fara að ráðum ráðgjafans og reyna ekki að vera þriðja hjólið og gera ekki ráð fyrir því að hafa eitthvað um uppeldið að segja til að byrja með. Ráðgjafinn sagði að ef hún skipti sér of mikið af gæti það skapað spennu á heimilinu. Hún lærði að vera þolinmóð og taka hlutunum ekki persónulega þegar stjúpsonurinn hegðaði sér illa. Frekar ætti hún að setja sig í hans spor áður en hún brygðist við. Það var henni mikilvægt að kynnst honum og því gaf hún sér tíma til þess og munu slík kynni hafa hagnast allri fjölskyldunni. Það að halda í neikvæðar tilfinningar mun eingöngu hafa slæm áhrif á sambandið og því skuli reyna eftir bestu getu að nálgast hlutverk stjúpmodur með hugulsemi og varfærni.

Ísabella átti í öðruvísi sambandi við stjúpson sinn og taldi hún það vera sökum aldurs hennar. Samband þeirra er gott en Ísabella lítur á það sem systkinasamband frekar en samband milli stjúpmodur og stjúpsonar. Ísabellu finnst hún ekki kunna að vera móðir og

hvað þá að axla þá ábyrgð sem móðir hefur. Jafnframt taldi hún ást sína í garð stjúpsonarins ekki vera nógu sterka og henni sárnaði það mjög. Undir þessi orð tekur lðunn en hún segir það koma sér á óvart að hún muni aldrei líta á stjúpbörn sín sem hennar eigin eftir að hafa verið stjúpmóðir þeirra í nokkur ár. Hún hélt að með tímanum myndi sú tilfinning sem hún ber til sinna eigin barna berast yfir til stjúpbarna hennar en hún áleit sig mun fórnfúsari gagnvart sínu eigin holdi og blóði. Eins og fram hefur komið þá er Erna Kristín einnig ung stjúpmóðir en þó lítur Erna Kristín ekki á stjúpdóttur sína sem litla systur

Ljóst er að fólk þarf að leggja töluvert á sig svo að þessi mikilvæga tengslamyndun geti átt sér stað. Þær stjúpmæður sem eiga í góðum samskiptum við stjúpbörn sín telja það frábæra tilfinningu að geta átt í góðum tengslum við þau. Samskiptamynstur stjúpmóður og maka eru ekki síður mikilvæg og verður fjallað um það í næsta kafla.

4.2.2 Samskipti við maka

Ekki nefndu allir höfundar greinanna samskipti sín við maka en þó kom það fram í nokkrum greinum. Þær stjúpmæður sem minntust á maka sína sögðu flestar að samband þeirra hafi stirðnað eftir að stjúpbarnið flutti inn á heimilið eða þegar þær höfðu eitthvað að segja um uppeldið. Hins vegar var einn faðirinn ekki í myndinni lengur svo að tengsl barnanna voru í höndum kyn- og stjúpmóður þeirra.

Freyja kemur inn á hversu nauðsynlegt það er að hafa góðan meðspilara þegar eitthvað bjátar á. Hún telur ekki mikilvægt að makinn sé fullkominn í einu og öllu heldur sé traust algjört grundvallaratriði þegar kemur að samskiptum þeirra á milli.

Ísabella lýsir því að um leið og stjúpsonurinn flutti inn á heimilið fannst henni samband sitt og kærastans versna. Hann kunni að vera faðir og vissi hvernig haga skyldi uppeldinu á meðan hún var óviss um hlutverk sitt þar sem hún er töluvert yngri. Eins og áður hefur komið fram hefur hún þurft að glíma við fordóma í sinn garð vegna aldursmunar hennar og kærastans. Telur hún það vera ástæðuna fyrir því að hún eigi erfiðara með að sinna uppeldishlutverkinu sem veldur ákveðinni togstreitu í sambandinu. Tvær aðrar stjúpmæður minnst einnig á að uppeldisaðferðir séu mikið þrætumál í sambandi þeirra og makans þegar kemur að uppeldisaðferðum.

lðunn segir:

Helstu ágreiningsefni okkar hjónanna tengjast uppeldi stjúp barnanna – þ.e. mér finnst hann láta allt eftir sínum börnum og honum finnst ég láta allt eftir mínu barni. Með okkar sameiginlega barn er ekki svona mikil togstreita á milli okkar, þó við séum auðvitað ekki alltaf sammála. Mikið hefur gengið á og er enn í gangi, maður spyr sig hreinlega stundum hvort þetta sé hægt? (Hún.is, 2015c)

Sigurbjörg, sem var álitin „tuðarinn“ á heimilinu í kaflanum hér að framan, segir að hún og maki hennar rífast einnig um uppeldisaðferðir, en honum finnst hún alltof ströng við börnin hans. Hún telur hann aftur á móti ekki hafa aga á börnum sínum, það er stjúp börnum hennar. Hún lýsir því svona:

Að mínu mati er það samvinna að halda heimili . . . Þetta leit ekki vel út og við lentum æ oftár á vegg með samskipti okkar. Við elskuðum hvort annað samt svo mikið og áttum æðislegar stundir þá viku sem við vorum bara [tvö] saman. (Hún.is, 2015a)

Ljóst er að bæði hún og maki hennar eru meðvituð um hversu mikilvæg samvinnan er. Þrátt fyrir þessa vitneskju finnst henni hlutirnir ekki ganga nógu smurt fyrir sig þar henni finnst hann ekki beita nógu miklum aga í uppeldinu. Ábyrgðin hvílir öll á henni þegar kemur að því að síða stjúp börnin til og því myndast þessi rígur á milli þeirra. Ást þeirra til hvors annars leynir sér ekki í orðum hennar en engu að síður eru erfiðleikar þegar kemur að uppeldinu. Greinilegt er að ekki er nóg að vera einungis meðvitaður um hvað sé best í stöðunni heldur þurfa einstaklingar að koma lausninni í verk. Því leituðu þau til ráðgjafa til að samræma sig, en heldur Sigurbjörg (Hún.is, 2015a) áfram: „Við þurftum að fara millivegin og aðlagast kröfum og þörfum hvors annars. . . . Ég þurfti að slaka á kröfunum og hann þurfti aðeins að herða sig. Ég þurfti að læra að tjá mig upp á nýtt og hann líka.“

Það er auðsjáanlegt að flutningur stjúp barna inn á heimilið og uppeldi eru helstu deilumál meðal stjúp mæðra og maka þeirra. Þó lausn vandamálanna séu þeim ljós þá getur það verið hægara sagt en gert að takast við þau á auðveldan hátt. Glódís og Heiða Ósk voru ekki í sömu aðstæðum og hin pörin þar sem barnsfaðir þeirra var horfinn á brott og gat því ekki verið milliliður fyrir börnin. Þær þurftu því að taka málin í sínar eigin hendur og verður það tekið fyrir í næsta kafla þar sem fjallað verður um samskipti stjúp mæðra og kynmæðra.

4.2.3 Samskipti við kynmóður

Í sumum greinunum kom upp umræða um samskipti við kynmóður barnsins, það er móður sem býr ekki með stjúpmóðurinni. Flestar lýstu því að til byrja með voru samskipti við kynmóðurina langt frá því að vera auðvelt verkefni og ein minntist ekkert á kynmóður stjúpdóttur sinnar í sínum pistli.

Líkt og fram hefur komið var tengslamyndun barna Glódísar og Heiðu Óskar ekki í höndum barnsföður þeirra heldur þurftu þær að sjá alfarið um þau mál. Heiða Ósk (Aðalheiður Ósk Þorsteinsdóttir, 2017) lýsir fyrstu kynnum hennar og Glódísar svo: „Trúid mér...Það rigndi ekki glimmeri og regnbogum í upphafi.“ Segja má að hlutirnir hafi ekki gengið átalaust fyrir sig til að byrja. Eftir því sem tíminn leið tók hún þó eftir hvernig Glódís steig inn í móðurhlutverk gagnvart börnum sínum. Þegar slitnaði upp úr sambúð Glódísar og barnsföður þeirra sá Heiða Ósk að hagur barnanna var henni og Glódísi efst í huga. Heiða Ósk lýsir því að þrátt fyrir skilnaðinn vildi Glódís halda samskiptum sínum og stjúpbarnanna áfram, en vert er að taka fram að stjúpbörn Glódísar eignuðust hálfbróður í hjónabandi Glódísar. Þess vegna leggur Heiða Ósk áherslu á að það sé alltaf betra fyrir börnin ef samskipti kynforeldris og stjúpfareldris séu góð. Heiða Ósk (Aðalheiður Ósk Þorsteinsdóttir, 2017) orðar það svo: „Tíminn leið og glimmerið settist svo allir fóru að sjá skýrt á ný.“ Jafnframt segist Heiða Ósk hafa eignast þarna vinkonu sem henni þykir ofboðslega vænt um og telur vináttu þeirra mjög dýrmæta.

EKKI voru allir höfundarnir jafn ánægðir með kynmóður barnanna og Glódís en Lóa segir að þegar kom að ákvarðanatökum varðandi stjúpbarnið réði hún engu, heldur kynmóðirin. Hvorki stjúpan né barnsfaðirinn fengu neitt um það að segja hvenær barnið kæmi í heimsókn eða hversu lengi það yrði hjá þeim. Ennfremur blöskrar henni að kynmóðir barnsins vildi ekki einu sinni hlusta á barnið varðandi eitt né neitt. Því má segja að dýrmætur tími þar sem barnið hafi getað tengst föður sínum og stjúpmóður hafi glatast. Ákvarðanir voru ávallt á forsendum kynmóðurinnar og ef parið vildi breyta áformunum með einhverju móti fór það eftir því í hvernig skapi kynmóðirin var í hverju sinni hvort það gekk upp eða ekki.

Ísabella tjáði sig einnig sig um hvernig samskiptunum væri háttað við kynmóður stjúpsonar síns. Hann kom til þeirra hjóna aðra hvora helgi og í öll þau skipti sem þau þurftu að skila honum til kynmóður sinnar myndaðist ákveðin spenna. Stjúpsonur hennar vildi vera lengur hjá þeim og greinilegt að honum þótti heimsóknartíminn hjá föður sínum og stjúpmóður of stuttur. Þegar hann varð eldri settust kynforeldrar hans niður með honum þar sem þau ræddu framtíðina þar sem hann fengi að velja hvort hann vildi búa áfram hjá móður sinni eða hjá föður og stjúpmóður. Valdi hann seinni kostinn og sýndi

kynmóðir hans þessu skilning og urðu engin leiðindi. Tvímælalaust skiptir það miklu máli hvernig samskiptum við kynmóður er háttað. Hagur barnanna er flestum foreldrum mikilvægur og ef samskipti kynmæðra og stjúpmæðra eru slæm þá getur það leitt til þess að stjúpmóðirin fái ekkert um hagi barnsins að segja.

5 Umræður

Í þessum kafla verða niðurstöður settar í fræðilegt samhengi og tengdar við aðrar rannsóknir. Einnig verður leitast við að fá svör við rannsóknarspurningunum út frá niðurstöðum. Markmið rannsóknarinnar var að fá sýn á upplifun stjúpmæðra, sem hafa skrifað greinar á vefmiðlana Hún.is og Bleikt.is, á stjúphlutverkinu. Kaflanum er skipt niður í sex undirkafla. Fyrsti undirkaflinn ber heitið *Sektarkennd og valdabarátta*, en þar er fjallað um samviskubit sem sumar stjúpmæðurnar fundu fyrir í hlutverki sínu, auk samskipta við kynmæður stjúpbarnanna. Í kaflanum *Stjúpmæður sem vinir eða óvinir* er fjallað um hvaða áhrif aldur og skapgerð stjúpbarnanna getur haft á stjupsambandið. Því næst verður sagt frá samskiptum stjúpmæðranna við maka og áhrif búsetu stjúpbarnanna, en kaflinn ber nafnið *Samskipti maka og búseta stjúpbarna*. Kaflinn *Væntingar og ósk um aðstoð* segir frá væntingunum sem stjúpmæðurnar höfðu til hlutverks síns og þær stjúpur sem fengu aðstoð fagaðila við að koma á betri samskiptum innan fjölskyldnanna. Næst verður fjallað um hvort stjúpmæðurnar höfðu reynt af móðurhlutverki og hvort það skipti máli um hvernig gekk að mynda sambönd við stjúpbörnin, en kaflinn heitir *Reynsla af móðurhlutverkinu*. Síðasti kaflinn, *Lykillinn að vellíðan*, fjallar svo um þær stjúpmæður sem náðu að mynda farsæl sambönd við stjúpbörnin að lokum.

5.1 Sektarkennd og valdabarátta

Church (1999) og Orchard og Solberg (1999) segja stjúpmæður oft upplifa sig í sama hlutverki og eldri vinur barnsins og á það einmitt við um nokkra þátttakendur. Engu að síður er vert að taka fram að þó vináttutengsl milli stjúpmæðra og stjúpbarna séu sterk og jákvæð þá lýsa Ísabella (Bleikt.is, 2016a), Erna Kristín (Sylvía Rut Sigfúsdóttir, 2016) og Iðunn (Hún.is, 2015c) því að ást þeirra til stjúpbarnanna sé ekki eins sterk líkt og ef um þeirra eigin börn væri að ræða. Þessari upplifun finnst þeim fylgja gríðarlegt samviskubit en Hart (2009) er sammála stjúpmæðrunum þar sem hún telur það geta reynst stjúpmæðrum erfitt að elska stjúpbarn sitt. Freyja (Hún.is, 2016) talar einnig um þann gríðarlega þrýsting um fullkomnun sem stjúpmæður setja á sjálfar sig. Hún ræðir að stjúpmæður megi síður gera mistök en kynmæður og þær séu frekar dæmdar. Freyju finnst að stjúpmæður ættu að létta á þrýstingnum sem þær setja á sig. Krafa um fullkomnun gefur, eins og Freyja segir, lítið rými fyrir þroska og sálarró. Það endurspeglar það sem Weaver og Coleman (2005) segja um þrýstinginn sem stjúpmæður setja á sig og verður þeim stundum um megn. Skilja má orð Freyju sem svo að ef stjúpmæður slaka ekki

á kröfum til sín fái þær ekki sálarró og gætu þannig endað á að gefast upp á stjúpmóðurhlutverkinu.

Orchard og Solberg (1999) segja að rannsókn þeirra hafi sýnt að stjúpmæðrunum fannst mikilvægt að reyna ekki að koma í stað kynmæðra stjúpbarna sinna. Hjördís (Bleikt.is, 2015) segir að það hafi að hluta til verið mistökin sem hún gerði í sínu fyrra stjupsambandi, eins og sjá má hér fyrir ofan. Heiða Ósk (Aðalheiður Ósk Þorsteinsdóttir, 2017) segir þó Glódísi hafa stigið inn í hlutverk móður barna sinna. Í fyrstu kunní Heiða Ósk illa við það en þegar hún sá hversu vænt börnunum og Glódísi þótti um hvert annað tók hún að líta sambandið jákvæðum augum. Með velferð barnanna fyrir augum ákvað hún að gleðjast frekar yfir hinu góða sambandi. Sjá má að þó að Glódís hafi stigið inn í hlutverk móður barnanna þá reyndi hún ekki að troða Heiðu Ósk um tær á sama tíma, heldur litu þær svo á að börnin gætu átt tvær mæður. Hvorug gerði tilraun til að ýta hinni úr hlutverki sínu heldur var pláss fyrir þær báðar.

Crohn (2006) skoðaði jákvæða eiginleika stjúpmæðra út frá sjónarhorni stjúpdætra þeirra. Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að þegar stjúpmæðurnar reyndu ekki að leysa kynmæðurnar af í hlutverkum sínum töldu stjúpdæturnar samband þeirra við stjúpmæðurnar ganga vel og vera árangursríkt. Þar líta stjúpmæður ekki á sig sem vinkonur stjúpdætranna, en hafa skal í huga að í þessum rannsóknum búa stjúpdæturnar heima hjá föður sínum og því eru þær í daglegum samskiptum við stjúpmæðurnar. Þessar stjúpmæður taka frekar að sér hlutverk uppalenda og skipa stjúpdætrum sínum til verka en aftur á móti gera stjúpmæður sem eru álitnar vinkonur stjúpdætra sinna það ekki (Crohn, 2006). Segja má að Glódís og Heiða Ósk hafi náð ákveðnu jafnvægi í því að samræma hlutverk sín sem mæður, stjúpmæður og vinkonur barnanna. Crohn (2006) bendir á að aðrar rannsóknir á stjúpmæðrum sýni ekki fram á þessa niðurstöður. Engin stjúpmæðranna sem eru til umfjöllunar í þessari ritgerð lýsir því svo að hún hafi reynt að taka yfir hlutverk kynmóður, þó Hjördís (Bleikt.is, 2015) hafi reynt að mynda móðurlegt samband við sína stjúpdóttur.

Hjördís var ekki ein í þessari stöðu þar sem Sigurbjörg (Hún.is, 2015a), Þórhildur (Hún.is, 2015b) og Freyja (Hún.is, 2016) upplifðu togstreitu þegar kom að samskiptum þeirra við stjúpbörn sín. Þeim fannst stjúpbörninn ekki sýna þeim þá virðingu sem þær áttu skilið. Greindu stjúpmæðurnar frá því að þær vildu þeim ekkert illt og óttuðust þær að verða álitnar „vonda stjúpan“ líkt og í ævintýrunum. Þetta var ímynd sem stjúpmæðurnar vildu forðast en eins og Hart (2009) og Weaver og Coleman (2005) segja, þá vill stjúpmóðir helst sleppa við það að vera kennd við „vonda stjúpunna“. Áhugavert væri þó að sjá hvað kynmæður barnanna, eða börnin sjálf, hafa að segja um þessi sambönd. Vera

má að þau hafi upplifað það sem svo að stjúpmæðurnar hafi reynt að hrifsa til sín hlutverk kynmæðranna. Af þeim textum sem hér eru til umfjöllunar er þó ómögulegt að draga ályktun um það.

Weaver og Coleman (2005) og Hart (2009) segja að þegar stjúpmóðir kemur inn í nýja fjölskyldu er líklegt að hún þurfi að takast á við tilfinningaþrungnar aðstæður á borð við erfið samskipti við kynmóðurina. Lóa (Bleikt.is, 2016b) segir að samskipti hennar og manns hennar við barnsmóður sína hafi verið á forsendum barnsmóðurinnar, hún hafi ráðið öllu og tekið allar ákvarðanir án þess að ræða sérstaklega við föðurinn eða stjúpmóðurina. Lóa lýsir neikvæðum tilfinningum gagnvart kynmóðurinni og stjúpmóðurhlutverkinu. Samkvæmt Sigrúnu Júlíusdóttur o.fl. (2008, bls. 49) missa börn oft nánd og tengsl við feður sína við skilnað foreldra og er það tilfellið hjá Lóu þar sem hvorki hún né barnsfaðirinn fengu að ráða neinu um viðveru barnsins á heimili þeirra. Vegna þessa glataðist sá tími sem hefði farið í tengslamyndun við barnið fyrir föðurinn jafnt sem stjúpmóðurina (Bleikt.is, 2016b).

Sýslumenn (e.d.) segja að það foreldri sem barn býr ekki hjá hafi bæði rétt og skyldu til að umgangast barn sitt og sjá má að það gekk ekki eins vel og óskandi væri í tilfelli Lóu. Ljóst er að hagsmunir stjúpbarnsins hennar Lóu eru ekki í fyrirrúmi hjá kynmóðurinni, í það minnsta ekki ef litið er á það sem svo að barn græði alltaf á samvistum við báða foreldra. Lóa gæti fallið undir fyrsta flokkinn sem Ganong o.fl. (1999) greindu frá í rannsókn sinni um hvaða leiðir stjúpfórelrar fóru þegar kom að því að mynda tengsl við stjúpbörn sín. Eftir deilur við kynmóðurina hætti Lóa að mynda tengsl við stjúpbarnið þar sem kynmóðir þess var í vegi hennar. Aðrar stjúpmæður lýsa ekki samskiptum maka sinna við kynmæður barnanna, en þessar þrjár sem það gera passa við þær rannsóknir sem sýna að foreldrasamstarf hafi áhrif á líðan fólks og sambönd.

5.2 Sambönd stjúpmæðra við stjúpbörn

Samkvæmt Coleman o.fl. (2015) og Dunn (2002) skiptir máli á hvaða aldri börnin eru þegar stjúpfórelldrarnir koma inn í líf þeirra. Því yngri sem börnin eru, því auðveldara er fyrir stjúpfóreldra að mynda gott samband við þau og líklegra að þau líti á stjúpfóeldrana sem fjölskyldumeðlimi. Stjúpbörn Ernu Kristínar (Sylvía Rut Sigfúsdóttir, 2016), Ísabellu (Bleikt.is, 2016a) og Glódísar (Aðalheiður Ósk Þorsteinsdóttir, 2017) voru ung þegar þær komu inn í líf þeirra og hafði það líklega jákvæð áhrif á tengslamyndunina þar sem hún gekk mjög vel. Þannig sýna þær fram á að myndun góðs sambands stjúpfóeldra og stjúpbarna þarf ekki að vera eins erfið og oft er haldið fram (Ganong o.fl., 1999; Hart, 2009; Hetherington og Elmore, 2003, bls. 186). Þær áttu allar mjög fljótlega mjög góð samskipti við stjúpbörn sín sem einkenndust af vináttutengslum. Hægt væri að raða

Þessum þrem stjúpmæðrum undir þriðja flokkinn sem Ganong o.fl. (1999) greindu frá í rannsókn sinni. Allar áttu þær sameiginlegt að mynda tengsl við stjúpbörnin snemma og héldu því áfram í sambúðinni.

Hetherington og Elmore (2003, bls. 190) vilja meina að erfiðast virðist vera fyrir börn á fyrri hluta unglingsára að sætta sig við að eignast stjúpforeldra. Unglingsárin geta verið erfið og skap unglings getur sett mark sitt á fjölskyldulífið, sér í lagi ef unglingurinn er í uppreisn gegn stjúpforeldrinu. Fyrir Hjördísi (Bleikt.is, 2015) var samband hennar við fyrrverandi stjúpdóttur sína krefjandi þar sem hún var á unglingsaldri þegar þær kynntust. Hjördís vildi að samband hennar og stjúpdótturinnar yrði eins og hefðbundið mæðgnasamband þar sem þær verðu góðum tíma saman en svo var ekki. Samkvæmt Hart (2009) getur stjúpmóðir fundið fyrir samkeppni við stjúpdótturina um athygli föðurins. Það á einmitt við í frásögn Hjördísar þar sem stjúpdóttir hennar leit á hana sem ógn og reyndi að ná athygli föður síns með því að haga sér illa. Samband Hjördísar og mannsins gekk ekki upp og þau skildu að lokum (Bleikt.is, 2015). Iðunn (Hún.is, 2015c) minnst á að hennar stjúpdætur hafi verið stálpaðar þegar hún tók saman við föður þeirra. Illa gekk að mynda samband milli þeirra og styður það við hugmyndir Hetherington og Elmore (2003, bls. 190).

Einnig er mikilvægt að huga að skapgerð barnanna þar sem sá þáttur getur haft áhrif á hvort vel gengur að mynda samband. Ekki eiga allir skap saman en börn sem eru bjartsýn og með gott sjálfstraust virðast eiga auðveldara með að taka stjúpfjölskyldumyndun með jákvæðu hugarfari og því líklegri til að eiga betri sambönd (Amato, 2001; Hetherington og Elmore, 2003, bls. 192). Eins og sjá má eru stjúpdætur Hjördísar og Iðunnar ekki nógu ánægðar með sambönd stjúpmæðranna við feður þeirra. Ef til vill eru þær ekki nægilega bjartsýnar um að samband þeirra endist og vilja því ekki mynda náið samband við stjúpmæður sínar sem er byggt á trausti (Bleikt.is, 2015; Hún.is, 2015c).

5.3 Samskipti maka og búseta stjúpbarna

Rannsóknir sýna fram á að pör í stjúpfjölskyldum sem standa saman, eru samtaka í uppeldi og samræma reglur heimilisins reynast hamingjusamari en önnur (Golish, 2003; Schrodtt og Braithwaite, 2011). Freyja (Hún.is, 2016) og maðurinn hennar eru gott dæmi um það þar sem hún telur hann góðan meðspilara og ríkir traust í samskiptum þeirra á milli. Braithwaite o.fl. (2003) segja að mikilvægt sé að fólk finni leiðir til þess að samskipti gangi sem best en rannsókn þeirra bendir til þess að flestir finni til þess leiðir á endanum og séu ánægðir með hvernig samskiptum milli heimila sé háttað. Deilur um hvernig haga beri barnauppeldi eru eitt algengasta þrætuefni meðal para í stjúpfjölskyldum (Coleman

o.fl., 2013, bls. 93; Stanley o.fl., 2002). Ísabella, Iðunn og Sigurbjörg töldu einmitt að uppeldisaðferðir væru mikið þrætumál á heimilinu. Ísabella greindi einnig frá því að eftir að stjúpsonur hennar flutti inn á heimilið fannst henni samband sitt og kærastans versna (Bleikt.is, 2016a; Hún.is, 2015a; Hún.is, 2015c). Hjördís (Bleikt.is, 2015) segir að ráðgjafinn hafi kennt henni að vera ekki þriðja hjólið í sambandi stjúpbarnsins við föður sinn. Hún útskýrir að það þýddi að hún ætti ekki að gera ráð fyrir því að hún hafi eitthvað að segja um uppeldið fyrst um sinn, því það gæti skapað spennu á heimilinu.

Sumir feður, líkt og maki Iðunnar (Hún.is, 2015c), gera ráð fyrir því að nýju konurnar þeirra taki að sér ábyrgð á uppeldi og umsjón með börnum þeirra (Hetherington og Elmore, 2003, bls. 200). Það getur skapað streitu í parasambandinu og einnig í sambandi stjúpmæðranna við stjúpbörnin sem var tilfellið hjá þeim. Einnig benda Schrodtt og Braithwaite (2011) á að fólk haldi barnauppeldi eins og það var áður en nýr maki kom til sögunnar skilar sér í meiri velferð barna, foreldra og stjúpfóreltra.

Ísabella (Bleikt.is, 2016a), Sigurbjörg (Hún.is, 2015a) og Þórhildur (Hún.is, 2015b) greina frá því að þeim þótti samvera og samskipti við maka auðveldari og þægilegri þegar stjúpbörnin voru ekki mikið inn á heimilinu. Í samböndum þar sem deilur eru miklar og tíðar eru meðlimir, börn og fullorðnir, óhamingjusamari. Að auki veikir það stöðu stjúpfóreltra í lífi stjúpbarna og þau taka síður mark á þeim (Hetherington og Elmore, 2003, bls. 195). Sigurbjörg (Hún.is, 2015a) lýsir því að þegar hún og maðurinn hennar fluttu inn saman hafi hversdagsleikinn orðið erfiðari. Stjúpsonur Ísabellu (Bleikt.is, 2016a) kom fyrst um sinn aðeins aðra hverja helgi til þeirra en þegar hann varð eldri kaus hann að búa hjá föður sínum og stjúpmóður og fannst Ísabellu þá ábyrgðin hafa aukist mikið. Ganong o.fl. (2011) og Hetherington og Elmore (2003, bls. 190) segja að ef barn ver miklum tíma á heimili stjúpfóreltrisins þá myndist frekar sterkt samband þeirra á milli. Þessar tilteknu stjúpmæður eru ekki sammála þar sem hlutirnir urðu erfiðari þegar mynda átti stjúpfjölskylduna.

Rannsóknir sýna að algengasta umgengisformið er að barnið dvelji hjá umgengisforeldri tvær helgar í mánuði og er greinilegt að Ísabellu finnst það fyrirkomulag henta henni mun betur (Sigrún Júlíusdóttir og Jóhanna Rósa Arnardóttir, 2008). Sigrún Júlíusdóttir o.fl. (2016) greina frá því að jöfn búseta hafi aukist til muna hérlandis og í öðrum vestrænum löndum. Sigurbjörg er eina stjúpmóðirin sem lýsir því í sínum pistli að hún og barnsfaðir hennar og maðurinn hennar og barnsmóðir hans kusu þetta fyrirkomulag þar sem börnin dvelja hjá þeim aðra hverja viku. Aðrar stjúpmæður en Sigurbjörg og Ísabella lýsa ekki hvernig umgengni og búsetu stjúpbarnanna er háttað (Bleikt.is, 2016a; Hún.is, 2015a).

5.4 Væntingar og ósk um aðstoð

Sumar stjúpmæðurnar höfðu ákveðnar væntingar til hlutverksins og í nokkrum tilfellum gerði það stjúpmæðrunum erfiðara fyrir að sætta sig við hlutverk sitt. Ísabella (Bleikt.is, 2016a) minntist á að upphaflega hafi henni þótt hlutverk sitt sem stjúpmóðir einfalt, hún þurfti ekki að gera annað en að mynda tengsl við barnið og gera skemmtilega hluti á pabbahelgum. Orð Ísabellu mætti skilja sem svo að hún liti á barnið sem nokkurs konar þægilegt helgaráhugamál.

Í anda Bernand Farber (1973, bls. 4) töluðu Freyja (Hún.is, 2016), Hjördís (Bleikt.is, 2015) og Þórhildur (Hún.is, 2015b) um hversu eftirsóknarverðar hugmyndir um kjarnafjölskylduformið væru. Farber (1973, bls. 4) hélt því fram að kjarnafjölskylda væri hið staðlaða form fjölskyldu og rannsóknir benda einnig til þess að samfélagslegt álit sé á sama veg (Ganong og Coleman, 1997; Planitz og Feeney, 2009). Þegar Freyja kom inn í stjúpmóðurhlutverkið með það markmið að verða „heimsins besta stjúpa“ hélt hún að hlutverkið myndi líkjast móðurhlutverkinu á vissan hátt. Hjördís tekur undir þetta þar sem hún lét sig dreyma um að hún, sonur hennar, fyrri maður hennar og dóttir hans yrðu þessi hefðbundna vísitölufjölskylda. Þórhildur óskaði líka eftir því að líkjast kjarnafjölskyldumynstri þar sem hún greinir frá því hún vildi geta sagt að myndun stjúpfjölskyldunnar hefði gengið eins og í sögu, en það var ekki raunin í hennar tilfelli (Bleikt.is, 2015; Hún.is, 2015b; Hún.is, 2016). Ísabella (Bleikt.is, 2016a) ræðir að hún upplifi fordóma frá öðrum foreldrum og henni finnst litið niður á sig, bæði vegna þess hve ung hún er og einnig því hún er stjúpmóðir. Það gerir henni erfitt fyrir og grefur undan sjálfstrausti hennar, auk þess sem hún upplifir, eins og Freyja talar einnig um, ennþá meiri pressu að gera ekki mistök. Reynsla þeirra tveggja kallast því á, kröfurnar búa til þrýsting að standa sig en á sama tíma dregur úr sjálfstrausti og öryggi þeirra í hlutverki sínu. Sjá má hvernig rósrauði bjarminn sem Freyja hafði sveipað tilhugsunina um líf kjarnafjölskyldna viku fyrir raunverulegri aðstæðum þar sem foreldrar eru breyskir og fullkomnun er ekki til.

Í rannsókn Orchard og Solberg (1999), þar sem væntingar stjúpmæðra til stjúphlutverks síns voru skoðaðar, bjuggust stjúpmæður við því að vera þátttakendur í fjölskyldunni en gerðu sér ekki grein fyrir því að þær yrðu fyrst og fremst ábyrgar fyrir heimilisstörfum. Það á við um reynslu lðunnar (Hún.is, 2015c) en hún sagði að sér liði eins og þræl á heimili sínu. Sigurbjörg (Hún.is, 2015a) segist líka hafa þurft að eyða miklum tíma í að ganga frá drasli eftir stjúpbörnin sín. Hún hafi verið sú sem þurfti að tuða yfir umgengni þeirra. Það má skilja sem svo að henni hafi ekki þótt maki sinn taka nógu mikinn þátt í því að aga stjúpbörnin og passa upp á að þau gengju vel um.

Þórhildur (Hún.is, 2015b), Sigurbjörg (Hún.is, 2015a) og Hjördís (Bleikt.is, 2015) litu allar svo á að vandamál fjölskyldnanna væru þess eðlis að þeim tækist ekki að ráða fram úr þeim sjálf. Það má sjá á því að þær fóru allar til ráðgjafa. Annars vegar fóru Þórhildur og Sigurbjörg til ráðgjafa þegar erfiðleikarnir á heimilinu voru við það sundra fjölskyldunni og því þurftu þær að hafa hraðar hendur. Hins vegar hafði Hjördís reynslu af erfiðum samskiptum innan heimilisins þar sem hún sá eftir því að hafa ekki náð að mynda betra samband við fyrrum stjúpdóttur sína. Því leitaði Hjördís til fagaðila þegar hún tók saman með manni sem átti son fyrir. Vildi hún læra hvernig nálgast ætti stjúpson sinn á jákvæðan hátt. Töldu þær myndun stjúpfjölskyldunnar nánast ómögulegt nema með hjálp fagaðila (Coleman o.fl., 2013, bls, 99; Bleikt.is, 2015; Hún.is, 2015a; Hún.is, 2015b). Sigurbjörg sagði í pistli sínum að ráðgjafinn hafi kennt þeim að „ . . . fara millivegin og aðlagast kröfum og þörfum hvors annars. . . . Ég þurfti að slaka á kröfunum og hann þurfti aðeins að herða sig. Ég þurfti að læra að tjá mig upp á nýtt og hann líka.” Í þessari tilvitnun má sjá að ráðgjafinn kenndi þeim að hafa skilning á stöðu og reyna að setja sig í spor hvors annars. Coleman o.fl. (2013, bls. 99) segja að fagaðilar geti hjálpað fólki í stjúpfjölskyldum að eiga samskipti og sýna stöðu annarra fjölskyldumeðlima skilning. Ljóst er að ráðgjafarnir sem Þórhildur, Sigurbjörg og Hjördís leituðu til hjálpuðu þeim að auðvelda stjúpfjölskyldulífið.

5.5 Reynsla af móðurhlutverkinu

Stjúpmæðurnar höfðu vissulega ólíka reynslu af sjálfu stjúphlutverkinu. Ein af ástæðum þess gæti verið sú að þær voru ekki allar á sama aldri þegar þær urðu stjúpmæður. Að auki áttu í það minnsta fjórar af níu börn úr fyrra sambandi og voru því á vissan hátt vanar barnauppleidi, sjá Töflu 1. Þó greindi Freyja ekki frá því hvort hún varð stjúpmóðir ung eða hvort hún átti börn fyrir.

Hart (2009) segir að eigi stjúpmóðir ekki börn úr fyrra sambandi geti það valdið óöryggi þar sem hún hafi ekki mikla reynslu af hlutverki uppalanda. Til að mynda vissi Lóa (Bleikt.is, 2016b) ekki út í hvað hún væri að fara þegar hún varð stjúpmóðir. Hún átti ekki börn fyrir og var mjög ung þegar hún tók saman við manninn sinn. Það var eins og hún vissi ekki hvert hún átti að leita til að afla sér upplýsinga og hún vissi ekki til hvers var ætlast af henni í hlutverkinu. Ísabella (Bleikt.is, 2016a), sem var einnig ung þegar hún varð stjúpmóðir og átti engin börn fyrir, var á sömu skoðun þar sem hún sagði að enginn hafi kennt henni hvernig ætti að haga sér í þessu hlutverki og einfaldlega spyr hvort að hún hefði átt að vita það. Hart (2009) nefnir einnig að stjúpmæður hafi litlar sem engar upplýsingar sem geti leiðbeint þeim í samskiptum þeirra við stjúpbörn sín. Undir þetta taka Weaver og Coleman (2005) þar sem þær tala um skort á aðstoð fyrir stjúpmæður.

Erna Kristín og Glódís áttu þó hvorugar börn úr fyrra sambandi þegar þær urðu stjúpmæður en þeirra upplifun var á talsvert annan veg en Lóu og Ísabellu. Erna Kristín á það þó sameiginlegt með þeim Lóu og Ísabellu að vera ung stjúpmóðir þar sem hún kynntist manningnum sínum og dóttur hans þegar hún var aðeins 18 ára. Stjúplutverkið reyndist Ernu Kristínu og Glódísi ekki eins erfitt og upplifðu þær góð tengsl við stjúpbörnin frá upphafi (Aðalheiður Ósk Þorsteinsdóttir, 2017; Sylvía Rut Sigfúsdóttir, 2016).

Iðunn (Hún.is, 2015c), Þórhildur (Hún.is, 2015b), Sigurbjörg (Hún.is, 2015a), Hjördís (Bleikt.is, 2015) áttu allar börn fyrir og segir Hart (2009) það geta verið mikilvægur þáttur í hlutverki sem stjúpmóðir. Þá reynslu sem stjúpmóðir hefur öðlast í uppeldi á sínu eigin barni getur hún yfirfært á stjúpbörnin sín. Ekki eru þær sammála Hart (2009) þar sem þær allar fjórar segja að það hafi reynst þeim erfitt að mynda fjölskylduheild úr brotum annarra fjölskyldna. Allar eiga þær sameiginlegt að flokkast undir annan flokkinn sem Ganong o.fl (1999) greindu frá í rannsókn sinni. Þær reyndu snemma að mynda tengsl við stjúpbörn sín en upp komu deilur sem sköpuðu andúð hjá stjúpbörnunum og því falla þær undir þennan flokk.

5.6 Lykillinn að vellíðan

Eins og kom fram í textanum hér að ofan er skilnaður ferli sem tekur á alla fjölskyldumeðlimi sem í gegnum hann ganga. Foreldrar rífast, andrúmsloft er þvingað, tengsl rofna og fjárhagur rýrnar. Rannsóknir sýna þó að samskipti foreldra eftir skilnað hafa mest að segja þegar kemur að velferð barna þeirra (Ahrons, 2007; Benedikt Jóhannsson, 2007; Þóroddur Bjarnason og Ársæll M. Arnarsson, 2011). Skilnaður foreldra geti haft talsverð áhrif á börnin og því mikilvægt að foreldrar hafi hagsmuni barna að leiðarljósi og reyni eftir fremsta megni að vinna saman og hafa samskipti góð (Sýslumenn, e.d.).

Ísabella (Bleikt.is, 2016a) minnst á að þegar maðurinn hennar og barnsmóðir hans sáu um að eiga samskipti og taka ákvarðanir um barnið gekk henni vel í stjúpmóðurhlutverkinu. Hún tók þá litla sem enga ábyrgð á stjúpbarninu og málum varðandi það, en lesa má út úr pistli hennar að samskipti manns hennar og kynmóður barnsins gengju vel fyrir sig. Einnig segir hún að þegar barnið stálpaðist hafi því verið leyft að velja á hvorum staðnum það myndi hafa fasta búsetu. Það bendir til þess að hlustað hafi verið á óskir barnsins og foreldrarnir hafi haft velferð þess í fyrirrúmi. Gott foreldrasamstarf hefur jákvæð áhrif á bæði börn og foreldra og líklegt verður að telja að stjúpfórelrar njóti góðs af því ef makar þeirra eru í góðu sambandi við börn sín og kynforeldra þeirra (Lorenz o.fl. 2006). Þó ber að hafa í huga að sambandið flæktist og stirðnaði þegar stjúpsonurinn flutti alfarið inn á heimilið. Hugsanlega hefði mátt halda

sambandinu góðu ef faðirinn hefði tekið mesta ábyrgð á barninu og Ísabella hefði haldið áfram að leika aukahlutverk vinkonu í lífi þess.

Heiða Ósk segir í sínum pistli að samband hennar og Glódísar hafi ekki verið upp á marga fiska til að byrja með. Henni fannst erfitt að það væri komin nýr einstaklingur í líf barna sinna og því hafi myndast spennan. Heiða Ósk tekur þó mjög sterklega fram að hún og Glódís séu í dag góðar vinkonur. Þó að Glódís sé fyrrum stjúpmóðir barnanna tekur hún þau ennþá til sín einu sinni í mánuði til að þau geti haldið sambandi við Glódísi og hálfbróður sinn, son Glódísar. Heiða Ósk og Glódís eru ekki þær einu sem hafa tileinkað sér góða samvinnu til að börnunum líði sem best (Aðalheiður Ósk Þorsteinsdóttir, 2017).

Titill ritgerðarinnar „Ég var tilbúin að fórna öllu fyrir hana, samt var hún ekki mín“ (Sylvía Rut Sigfúsdóttir, 2016) er sóttur í pistil Ernu Kristínar, en það er mat höfunda að hún hafi fangað þær margvíslegu tilfinningar, sem stjúpmæður upplifa, með þessum orðum.

6 Lokaorð

Tilgangur þessarar ritgerðar var að skoða upplifun stjúpmæðra af hlutverki sínu, út frá pistlum sem þær hafa sent inn á vefmiðlana Bleikt.is og Hún.is. Að auki var leitast við að varpa ljósi á þær leiðir sem rannsóknir hafa sýnt fram á að reynist vel við myndun farsælla stjúp sambanda.

Niðurstöður ritgerðarinnar eru þær að stjúpmæðurnar hafa ólíka reynslu af stjúpmóðurhlutverkinu og það er margt sem hefur áhrif á það hvernig tekst til við stjúpfjölskyldumyndun. Að mörgu leyti endurspeglar upplifanir stjúpmæðranna þær fræðilegu rannsóknir sem gerðar hafa verið á stjúp tengslum og samböndum stjúpmæðra við stjúpbörn sín. Þeir erfiðleikar sem stjúpmæðurnar skrifa um, til að mynda í samskiptum við kynmæður barnanna, rifrildi við maka um barnauppleidi og óöryggi um stöðu sína og hlutverk koma heim og saman við þær rannsóknir sem fjallað var um í fræðilega kafla ritgerðarinnar. Einnig má sjá að þær stjúpmæður sem öðluðust að lokum farsæl sambönd við stjúpbörn sín höfðu að miklu leyti fetað þær slóðir sem rannsóknir hafa bent til að vel reynist. Það gerðist ýmist í upphafi eða þegar lengra var liðið á sambandið og sumar fengu aðstoð fagaðila. Stjúpmæðurnar sem náðu góðum tengslum við stjúpbörnin gerðu ekki tilraun til að leysa kynmæður barnanna af hólmi og vöruðust að stíga of snemma inn í hlutverk uppalenda. Þær reyndu fremur að byggja upp traust vinatengsl og nálgast börnin á þeirra forsendum.

Við skrif á ritgerðinni vöknudu ýmsar spurningar hjá höfundum. Þeir veltu fyrir sér hvað geri það að verkum að fólk velji að senda inn reynslusögur á vefmiðla. Höfundar lásu á milli línanna í nokkrum pistlum þörf stjúpmæðranna til að létta á hjarta sínu í erfiðum aðstæðum og má vera að það hafi hjálpað þeim að fá útrás fyrir tilfinningarnar. Einnig má lesa í frásögn þeirra þörf til að tala til annarra stjúpmæðra sem eiga við vandamál að stríða og hvetja þær áfram. Margar ræddu að þær hafi leitað til ráðgjafa og virðist sem þær séu að stuðla að því að konur í sömu stöðu geri slíkt hið sama. Að lokum má nefna að það kom höfundum skemmtilega á óvart hversu margir pistlar fjölluðu um stjúpmóðurhlutverkið á jákvæðum nótum og gáfu til kynna að með vilja og þolinmæði að vopni væri allt hægt.

Heimildaskrá

- Acs, G. (2007). Can we promote child well-being by promoting marriage? *Journal of Marriage and Family*, 69(5), 1326–1344. doi:10.1111/j.1741-3737.2007.00450.x
- Aðalheiður Ósk Þorsteinsdóttir. (2017, 13. febrúar). Glódíсарhelgar: Börnin mín eiga fastar mömmuhelgar hjá annarri konu. Sótt af <http://bleikt.pressan.is/lesa/glodisarahelgar-bornin-min-eiga-fastar-mommuhelgar-hja-annarri-konu/>
- Ahrons, C. R. (2007). Family ties after divorce: Long-term implications for children. *Family Process*, 46(1), 53–65. doi:10.1111/j.1545-5300.2006.00191.x
- Amato, P. R. (2000). The consequences of divorce for adults and children. *Journal of Marriage and Family*, 62(4), 1269–1287. doi:10.1111/j.1741-3737.2000.01269.x
- Amato, P. R. (2010). Research on divorce: Continuing trends and new developments. *Journal of Marriage and Family*, 72(3), 650–666. doi:10.1111/j.1741-3737.2010.00723.x
- Amato, P. R. og Anthony, C. J. (2014). Estimating the effects of parental divorce and death with fixed effects models. *Journal of Marriage and Family*, 76(2), 370–386. doi:10.1111/jomf.12100
- Amato, P. R. og Gilbreth, J. G. (1999). Nonresident fathers and children's well-being: A meta-analysis. *Journal of Marriage and Family*, 61(3), 557–573. doi:10.2307/353560
- Anyan, S. E. og Pryor, J. (2002). What is in a family? Adolescent perceptions. *Children & Society*, 16(5), 306–317. doi:10.1002/chi.716
- Barnalög 20/1992.
- Barnalög nr. 76/2003, með síðari breytingum, nr. 69/2006, nr. 61/2012. Útgáfa 144b.
- Barrett, A. E. og Turner, R. J. (2005). Family structure and mental health: The mediating effects of socioeconomic status, family process, and social stress. *Journal of Health and Social Behavior*, 46(2), 156–169. Sótt af <http://www.jstor.org/stable/4150395>
- Benedikt Jóhannsson. (2004). *Börn og skilnaðir*. Reykjavík: Skálholtsútgáfan.
- Benedikt Jóhannsson. (2007). Börn og fjölskylduaðstæður – könnun. *Áfram ábyrg: Áhrif skilnaðar á börn og leiðir til úrbóta* [ráðstefnurit]. Reykjanesbær: Kjalarnessprófastsdæmi og Reykjanesbær.

- Benedikt Jóhannsson. (2012). *Til skiptis hjá foreldrum. Líðan og aðlögun unglunga eftir fjölskyldugerðum*. Sótt af <http://kirkjan.is/fjolskylduthjonusta/skraarsofn/fjolskylduthjonusta/Til-skiptis-hja-foreldrum.pdf>
- Bergström, M., Fransson, E., Hjern, A., Köhler, L. og Wallby, T. (2014). Mental health in Swedish children living in joint physical custody and their parents' life satisfaction: A cross sectional study. *Scandinavian Journal of Psychology*, 55(5), 433–439. doi:10.1111/sjop.12148
- Bergström, M., Modin, B., Fransson, E., Rajmil, L., Berlin, M. og Gustafsson, P. A. (2013). Living in two homes: A Swedish national survey of wellbeing in 12 and 15 year olds with joint physical custody. *BMC Public Health*, 13(868), 1-8. doi:10.1186/1471-2458-13-868
- Björn Þorláksson. (2015, 21. október). Fleira gratt fólk á Rúv. *Hringbraut*. Sótt af <http://www.hringbraut.is/sjonvarp/moya/news/fleira-gratt-folk-a-ruv>
- Bleikt.is. (e.d.-a). Forsíða. *Bleikt.is*. Sótt af <http://bleikt.pressan.is/>
- Bleikt.is. (e.d.-b). Höfundur: Heiða Ósk. *Bleikt.is*. Sótt af <http://bleikt.pressan.is/lesa/author/adalheidur/>
- Bleikt.is. (e.d.-c). Um Bleikt. *Bleikt.is*. Sótt af <http://bleikt.pressan.is/um-bleikt/>
- Bleikt.is. (2015, 17. júní). Mistökin sem ég gerði sem stjúpmamma - og það sem ég lærði í kjölfarið. *Bleikt.is*. Sótt af <http://bleikt.pressan.is/lesa/mistokin-sem-eg-gerdi-sem-stjupmamma-og-thad-sem-eg-laerdi-i-kjolfarid/>
- Bleikt.is. (2016a, 29. maí). Unglingur verður að stjúpmóðir. *Bleikt.is*. Sótt af <http://bleikt.pressan.is/lesa/unglingur-verdur-stjupmodir/>
- Bleikt.is. (2016b, 2. júní). Er stjúpmömmu hlutverkið of mikið?. *Bleikt.is*. Sótt af <http://bleikt.pressan.is/lesa/er-stjupmammu-hlutverkid-of-mikid/>
- Blom, J. N. og Hansen, K. R. (2015). Click bait: Forward-reference as lure in online news headlines. *Journal of Pragmatics*, 76, 87–100. doi:10.1016/j.pragma.2014.11.010
- Braithwaite, D. O., McBride, M. C. og Schrodtt, P. (2003). „Parent teams“ and the everyday interactions of co-parenting in stepfamilies. *Communication Reports*, 16(2), 93–111. doi:10.1080/08934210309384493
- Braun, V. og Clarke, V. (2006). Using thematic analysis in psychology. *Qualitative Research in Psychology*, 3(2), 77–101. doi:10.1191/1478088706qp063oa

- Breivik, K. og Olweus, D. (2006). Children of divorce in a Scandinavian welfare state: Are they less affected than US children?. *Scandinavian Journal of Psychology*, 47(1), 61–74. doi:10.1111/j.1467-9450.2006.00493.x
- Carlson, M. J. og Corcoran, M. E. (2001). Family structure and children's behavioral and cognitive outcomes. *Journal of Marriage and Family*, 63(3), 779–792. doi:10.1111/j.1741-3737.2001.00779.x
- Cherlin, A. (1978). Remarriage as an incomplete institution. *American Journal of Sociology*, 84(3), 634–650. doi:10.1300/J087v26n01_10
- Christian, A. (2005). Contesting the myth of the „wicked stepmother“: Narrative analysis of an online stepfamily support group. *Western Journal of Communication*, 69(1), 27–47. doi:10.1080/10570310500034030
- Chron, H. M. (2006). Five styles of positive stepmothering from the prespective of young adult stepdaughters. *Journal of Divorce and Remarriage*, 46(1-2), 199-137. doi:10.1300/J087v46n01_07
- Church, E. (1999). Who are the people in your family? Stepmothers' diverse notions of kinship. *Journal of Divorce and Remarriage*, 31(1-2), 83-105. doi:10.1300/J087v31n01_05
- Coleman, M., Ganong, L. og Russel, L. (2013). Resilience in stepfamilies. Í D. S. Becvar (ritstjóri), *Handbook of Family Resilience* (bls. 85-104). doi:10.1007/978-1-4614-3917-2
- Coleman, M., Ganong, L., Russell, L. og Frye-Cox, N. (2015). Stepchildren's views about former step-relationships following stepfamily dissolution. *Journal of Marriage and Family*, 77(3), 775–790. doi:10.1111/jomf.12182
- Doyle, M., O'Dywer, C. og Timonen, V. (2010). “How can you just cut off a whole side of the family and say move on?” The reshaping of paternal grandparent-grandchild relationships following divorce or separation in the middle generation. *Family Relations*, 59(5), 587-598. doi:10.1111/j.1741-3729.2010.00625.x
- Dunn, J. (2002). The Adjustment of children in stepfamilies: Lessons from community studies. *Child and Adolescent Mental Health*, 7(4), 154-161. doi:10.1111/1475-3588.00028
- Fairclough, N. (2010). *Critical discourse analysis: A critical study of language*. New York: Pantheon Books.

- Farber, B. (1973). *Family and kinship in modern society*. Glenview, IL: Scott, Foresman and company.
- Fine, M. A., Coleman, M. og Ganong, L. H. (1998). Consistency in perceptions of the stepparent role among stepparents, parents and stepchildren. *Journal of Social and Personal Relationships*, 15(6), 810-828. doi:10.1177/0265407598156006
- Frisco, M. L., Muller, C. og Frank, K. (2007). Parents' union dissolution and adolescents' school performance: Comparing methodological approaches. *Journal of Marriage and Family*, 69(3), 721–741. doi:10.1111/j.1741-3737.2007.00402.x
- Gallup. (2017, 30. apríl). Topplisti innlend umferð. Sótt af http://topplistar.gallup.is/index.php/internet/topp_isl
- Ganong, L. H. og Coleman, M. (2017). *Stepfamily relationships: Development, dynamics, and interventions* (2. útgáfa) [Kindle]. New York: Springer.
- Ganong, L. H., Coleman, M. og Jamison, T. (2011). Patterns of stepchild–stepparent relationship development. *Journal of Marriage and Family*, 73(2), 396–413. doi:10.1111/j.17413737.2010.00814.x
- Ganong, L. H., Coleman, M., Fine, M. og Martin, P. (1999). Stepparents' affinity-seeking and affinity-maintaining strategies with stepchildren. *Journal of Family Issues*, 22(3), 299-327. doi:10.1177/019251399020003001
- Ganong, L. H. og Coleman, M. (1997). How society views stepfamilies. *Marriage & family review*, 26(1–2), 85-106. doi:10.1300/J002v26n01_06
- Ganong, L. H., Coleman, M. og Hans, J. (2006). Divorce as prelude to stepfamily living and the consequences of redivorce. Í M. A. Fine og J. H. Harvey (ritstjórar). *Handbook of divorce and relationship dissolution* (bls. 409-438). New York: Routledge.
- Ginther, D. K. og Pollak, R. A. (2004). Family structure and children's educational outcomes: Blended families, stylized facts, and descriptive regressions. *Demography*, 41(4), 671–696. doi:10.1353/dem.2004.0031
- Golish, T. D. (2003). Stepfamily communication strengths. *Human Communication Research*, 29(1), 41–80. doi:10.1111/j.1468-2958.2003.tb00831.x
- Hagstofa Íslands. (e.d.-a). Forsjá barna úr sambúðarslitum 1991-2011. Sótt af http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__fjolsk__Skilnadir/MAN06214.px/?rxid=6c41f9d7-8bf8-4b3d-b878-ae436d922b9f

- Hagstofa Íslands. (e.d.-b). Hjónavígslur eftir fyrri hjúskaparstétt 1951-2011. Sótt af http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__fjolsk__Giftingar/MAN06102.px/?rxid=6c41f9d7-8bf8-4b3d-b878-ae436d922b9f
- Hagstofa Íslands. (e.d.-c). Lögskilnaðir og forsjá barna úr hjónabandi 1961-2011. Sótt af http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__fjolsk__Skilnadir/MAN06205.px/?rxid=6c41f9d7-8bf8-4b3d-b878-ae436d922b9f
- Hagstofa Íslands. (e.d.-d). Skilnaðir. Sótt af <https://www.hagstofa.is/talnaefni/ibuar/fjolskyldan/skilnadir/>
- Hagstofa Íslands. (2009). Forsjá barna úr skilnuðum og sambúðaslitum 2008. Sótt af <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/mannfjoldi/forsja-barna-ur-skilnudum-og-sambudarslitum-2008/>
- Hart, P. (2009). On becoming a good enough stepmother. *Clinical Social Work Journal*, 37(2), 128-139. doi:10.1007/s10615-009-0202-8
- Hetherington, E. M. og Elmore, A. M. (2003). Risk and resilience in children coping with their parents' divorce and remarriage. Í S. S. Luthar (ritstjóri), *Resilience and vulnerability: Adaptation in the context of childhood adversities* (bls. 182-213). Cambridge: Cambridge University Press.
- Hetherington, E. M. og Stanley-Hagan, M. (1999). The adjustment of children with divorced parents: A risk and resiliency perspective. *Journal of Child Psychology and Psychiatry*, 40(1), 129–140. doi:10.1111/1469-7610.00427
- Hlín Einarsdóttir. (2010, 9. desember). Opnun bleikt.is. *Bleikt.is*. Sótt af <http://bleikt.pressan.is/lesa/opnunbleiktis/>
- Hólmfríður Helga Sigurðardóttir. (2015, 24. september). *Rúv*. Börn geti ekki haft sama lögheimili. Sótt af <http://www.ruv.is/frett/born-geti-ekki-haft-tvo-logheimili>
- Höskuldur Þráinsson. (2005). Setningar. Handbók um setningafræði. Í Höskuldur Þráinsson (ritstjóri ritraðar). *Íslensk tunga: 3. bindi*. Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- Hún.is. (e.d.-a). Forsíða. *Hún.is*. Sótt af <http://hun.is/>
- Hún.is. (e.d.-b). Um hun.is. *Hún.is*. Sótt af <http://hun.is/umhu/>
- Hún.is. (2015a, 5. janúar). Stjúpmamma segir frá sinni reynslu: „Þetta er hægara sagt en gert“. *Hún.is*. Sótt af <http://hun.is/stjupmamma-segir-fra-sinni-reynslu-thetta-er-haegara-sagt-en-gert/>

- Hún.is. (2015b, 7. janúar). Það er meira en að segja það að fá barn í kaupbæti með nýja makanum. *Hún.is*. Sótt af <http://hun.is/thad-er-meira-en-ad-segja-thad-ad-fa-barn-i-kaupbaeti-med-nyja-makanum/>
- Hún.is. (2015c, 21. júní). Oft líður mér eins og heimilisþræl. *Hún.is*. Sótt af <http://hun.is/oft-lidur-mer-eins-og-heimilisthrael/>
- Hún.is. (2016, 12. október). Ófullkomnar stjúpmæður - Bréf frá stjúpu. *Hún.is*. Sótt af <http://hun.is/ofullkomnar-stjupmaedur-bref-fra-stjupu/>
- Jones, A. C. (2004). Transforming the story: Narrative applications to a stepmother support group. *Families in Society*, 85(1), 129–138. doi:10.1606/1044-3894.242
- Juby, H., Le Bourdais, C. og Marcil-Gratton, N. (2005). Sharing roles, sharing custody? Couples' characteristics and children's living arrangements at separation. *Journal of Marriage and Family*, 67(1), 157–172. doi:10.1111/j.0022-2445.2005.00012
- Kanna möguleika á tvöföldu lögheimili. (2015, 17. janúar). *Rúv*. Sótt af <http://www.ruv.is/frett/kanna-moguleika-a-tvofoldu-logheimili>
- Kelly, J. B. og Emery, R. E. (2003). Children's adjustment following divorce: Risk and resilience perspectives. *Family Relations*, 52(4), 352–362. doi:10.1111/j.1741-3729.2003.00352.x
- King, V. og Sobolewski, J. M. (2006). Nonresident fathers' contributions to adolescent well-being. *Journal of Marriage and Family*, 68(3), 537–557. doi:10.1111/j.1741-3737.2006.00274.x
- Kitterød, R. H., Lyngstad, J., Nymoene, E. H. og Wiik, K. A. (2014). Flere barn har delt bosted. *Økonomiske analyser*, 33(2), 18–26. Sótt af https://www.ssb.no/befolkning/artikler-og-publikasjoner/_attachment/173635?_ts=1458fb14e48
- Kristín Björnsdóttir. (2013). Orðræðugreining. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 269-278). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Leon, K. og Angst, E. (2005). Portrayals of stepfamilies in film: Using media images in remarriage education. *Family Relations*, 54(1), 3–23. doi:10.1111/j.01976664.2005.00002.x

- Levin, I. (1997). The stepparent role from a gender perspective. *Marriage & Family Review*, 26(1–2), 177–190. Sótt af <http://search.proquest.com/docview/199512684/fulltextPDF/18F40526A7954110PQ/1?accountid=28822>
- Lin, M-C., Haridakis, P. M. og Hanson, G. (2016). The role of political identity and media selection on perceptions of hostile media bias during the 2012 presidential campaign. *Journal of Broadcasting & Electronic Media*, 60(3), 425–447. doi:10.1080/08838151.2016.1203316
- Lorenz, F. O., Wickrama, K. A. S., Conger, R. D. og Elder, G. H. (2006). The short-term and decade-long effects of divorce on women’s midlife health. *Journal of Health and Social Behavior*, 47(2), 111–125. doi:10.1177/002214650604700202
- McQuail, D. (2010). *McQuail’s mass communication theory* (5.útgáfa). London: SAGE Publications.
- Menntamálaráðuneytið. (2005). Skýrsla nefndar menntamálaráðherra um íslenska fjölmiðla. Sótt af <http://www.althingi.is/altext/pdf/145/s/0170.pdf>
- Mignot, J. (2008). Stepfamilies in France since the 1990s: An interdisciplinary overview. Í J. Pryor (ritstjóri), *The international handbook of stepfamilies: Policy and practice in legal, research, and clinical environments* (bls. 53–78). New Jersey: John Wiley & Sons, Inc.
- Orchard, A. L. og Solberg, K. B. (1999). Expectations of the stepmother’s role. *Journal of Divorce and Remarriage*, 31(1-2), 107–123. doi:10.1300/J087v31n01_06
- Ottosen, M. H. og Schwarz, R. (2013). Beskyttelses- og risikofaktorer for skilsmissebørns trivsel i deleordninger. *Fokus på familien*, 41(1), 59–78. Sótt af https://www.idunn.no/file/pdf/59920187/fokus_2013_01_pdf.pdf
- Ottosen, M. H., Stage, S. og Jensen, H. S. (2011). *Børn i deleordninger: En kvalitativ undersøgelse*. Kaupmannahöfn: SFI - Det nationale forskningscenter for velfærd. Sótt af http://pure.sfi.dk/ws/files/236962/1138_Boern_i_deleordninger.pdf
- Ólöf Nordal. (2015). *Skýrsla innanríkisráðherra um jafnt búsetuform barna sem búa á tveimur heimilum*. Sótt af <http://www.althingi.is/altext/pdf/145/s/0170.pdf>
- Planitz, J. M. og Feeney, J. A. (2009). Are stepsiblings bad, stepmothers wicked, and stepfathers evil? An assessment of Australian stepfamily stereotypes. *Journal of Family Studies*, 15(1), 82–97. doi:10.5172/jfs.327.15.1.82

- Pong, S., Dronkers, J. og Hampden-Thompson, G. (2003). Family policies and children's school achievement in single-versus two-parent families. *Journal of Marriage and Family*, 65(3), 681–699. doi:10.1111/j.1741-3737.2003.00681.
- Pressan. (e.d.). Um Pressuna. Sótt af www.pressan.is/UmOkkur
- Pryor, J. (2014). *Stepfamilies: A global perspective on research, policy and practice*. New York: Routledge.
- Rigg, A. og Pryor, J. (2007). Children's perceptions of families: What do they really think? *Children & Society*, 21(1), 17–30. doi:10.1111/j.1099-0860.2006.00028.x
- Rogers, R., Malancharuvil-Berkes, E., Mosley, M., Hui, D. og Joseph, G. O. (2005). Critical discourse analysis in education: A review of the literature. *Review of Educational Research*, 75(3), 365–416. Sótt af <http://www.jstor.org/stable/3515986>
- Sandler, I. N., Tein, J-Y. og West, S. G. (1994). Coping, stress, and the psychological symptoms of children of divorce: A cross-sectional and longitudinal study. *Child Development*, 65(6). doi:10.1111/j.1467-8624.1994.tb00846.x
- Schrodt, P. og Braithwaite, D. O. (2011). Coparental communication, relational satisfaction, and mental health in stepfamilies. *Personal Relationships*, 18(3), 352–369. doi:10.1111/j.1475-6811.2010.01295.x
- Shafer, K., Jensen, T. M. og Holmes, E. K. (2017). Divorce stress, stepfamily stress, and depression among emerging adult stepchildren. *Journal of Child and Family Studies*, 26(3), 851–862. doi:10.1007/s10826-016-0617-0
- Sigrún Júlíusdóttir og Jóhanna Rósa Arnardóttir. (2008). Sameiginleg forsjá sem meginregla og íhlutun stjórnvalda: Rannsókn um sjónarhorn foreldra. *Tímarit lögfræðinga*, 58(4), 465-494.
- Sigrún Júlíusdóttir, Jóhanna Rósa Arnardóttir og Guðlaug Magnúsdóttir. (2008). *Ungmennni og ættartengsl. Rannsókn um reynslu og sýn skilnaðarungmenna*. Reykjavík: Rannsóknasetur í barna- og fjölskylduvernd og Háskólaútgáfan.
- Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir. (2000). *Áfram foreldrar: Rannsókn um sameiginlega forsjá og velferð barna við skilnað foreldra*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

- Sigrún Júlíusdóttir og Sólveig Sigurðardóttir. (2010). Skilnaður og jöfn búseta barna: Sýn ömmu og afa. Í Halldór S. Guðmundsson (ritstjóri), *Þjóðarspegillinn 2010: Rannsóknir í félagsvísindum XI. Félagráðgjafardeild. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2010* (bls. 49-59). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Sótt af http://skemman.is/stream/get/1946/6709/18363/1/49-59_SigrunJul_SigurveigSig_FELRADbok.pdf
- Sigrún Júlíusdóttir og Sólveig Sigurðardóttir. (2013). *Eftir skilnað: Um foreldrasamstarf og kynslóðatengsl*. Reykjavík: Háskólaútgáfan og Rannsóknarstofnun í barna- og fjölskylduvernd.
- Sigrún Júlíusdóttir, Sólveig Sigurðardóttir og Dögg Pálsdóttir. (2016). Raddir skilnaðarbarna: Um jafna búsetu hjá foreldrum eftir skilnað. *Tímarit um uppeldi og menntun*, 25(1), 3-23. Sótt af <https://ojs.hi.is/tuum/article/view/2159/1106>
- Sigrún Júlíusdóttir. (2001). *Fjölskyldur við aldahvörf*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Snara. (e.d.-a). Stjúpmóðurlegur. Sótt af <https://snara.is>
- Snara. (e.d.-b). Stjúpmóðursneið. Sótt af <https://snara.is>
- Stanley, S. M., Markman, H. J. og Whitton, S. W. (2002). Communication, conflict, and commitment: Insights on the foundations of relationship success from a national survey. *Family Process*, 41(4), 659-675. doi:10.1111/j.1545-5300.2002.00659.x
- Sun, Y. (2001). Family environment and adolescents' well-being before and after parents' marital disruption: A longitudinal analysis. *Journal of Marriage and Family*, 63(3). doi:10.1111/j.1741-3737.2001.00697.x
- Sun, Y. og Li, Y. (2002). Children's well-being during parents' marital disruption process: A pooled time-series analysis. *Journal of Marriage and Family*, 64(2), 472-488. doi:10.1111/j.1741-3737.2002.00472.x
- Sylvía Rut Sigfúsdóttir. (2016, 19. september). Erna Kristín varð stjúpmóðir 18 ára: „Það er alltaf erfitt að elska einhvern svona mikið, en hafa engin völd“. Sótt af <http://bleikt.pressan.is/lesa/erna-kristin-varð-stjupmodir-18-ara-thað-er-alltaf-erfitt-ad-elska-einhvern-svona-mikid-en-hafa-engin-vold/>
- Sýslumenn. (2013, 19. september). Forsjá. Sótt af <https://www.syslumenn.is/thjonusta/fjolskyldumal/forsja/>
- Sýslumenn. (e.d.). Umgengni. Sótt af <https://www.syslumenn.is/thjonusta/fjolskyldumal/umgengni/>

- Taylor, A. C., Robila, M. og Fisackerly, B. (2013). Theory use in stepfamily research. Í M. A. Fine og F. D. Fincham (ritstjórar), *Handbook of family theories: A content-based approach* (bls. 280-300). doi:10.4324/9780203075180.ch16
- Teachman, J. D., Paasch, K. og Carver, K. (1996). Social capital and dropping out of school early. *Journal of Marriage and Family*, 58(3), 773–783. doi:10.2307/353735
- Valgerður Halldórsdóttir. (2012). *Hver er í fjölskyldunni? Skilnaðir og stjúptengsl*. Reykjavík: Vaka – Helgafell.
- Velferðarráðuneyti. (e.d.). Samantekt fjölskylduráðs um málefni fjölskyldunnar. Sótt af <https://www.velferdarraduneyti.is/utgefid-efni/utgafa/samantekt-fjolskyldurads-um-malefni-fjolskyldunnar-/nr/978>
- Weaver, S. E. og Coleman, M. (2005). A mothering but not a mother role: A grounded theory study of the nonresidential stepmother role. *Journal of Social and Personal Relationships*, 22(4), 477-497. doi:10.1177/0265407505054519
- Þóroddur Bjarnason og Ársæll M. Arnarsson. (2011). Joint physical custody and communication with parents: A cross-national study of children in 36 western countries. *Journal of Comparative Family Studies*, 42(6), 871-890. doi:10.2307/41604494
- Þórunn Blöndal. (2005). *Lifandi mál: Inngangur að orðræðugreiningu og samtalsgreiningu*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.